

Skýrsla

# Heimastjórn

1904–2004





## Efnisyfirlit

1.	Heimastjórn 1904 – Inngangur	2
2.	Leiðin til sjálfstæðis Alþingi endurreist Stjórn málin Þingræðið Flokkar og ráðherrar Stjórnarráð Íslands	3
3.	Undirbúningur 2003 Verkefnisstjórn Framkvæmdastjóri Fundir verkefnisstjórnar	7
4.	Heildardagskrá	8
5.	Einstakir viðburðir Stutt yfirlit um atburði ársins	10
6.	Heimastjórnarafmæli í Manitopa	15
7.	Ráðherrabókin	17
8.	Saga Stjórnarráðs Íslands	18
9.	Samstarf við sveitarfélög Nefndir og einstakir samstarfsaðilar	19
10.	Ýmis fylgiskjöl	21
11.	Fjármál	28
12.	Fjölmiðlar	29
13.	Fjölmiðlavaktin – fjölmiðlaúttekt	30
14.	Lokaorð framkvæmdastjóra	46

# Heimastjórn



## Heimastjórn

Hinn 1. febrúar 2004 voru 100 ár liðin frá því að Íslendingar fengu heimastjórn, þingræði festist í sessi og Stjórnarráð Íslands var stofnað. Ráðherra, sem fór með málefni Íslands, fékk aðsetur í Reykjavík en hún varð miðstöð stjórnsýslu. Reykjavík varð höfuðborg Íslands. Flutningur framkvæmdavaldsins til Íslands 1. febrúar 1904 markaði þáttaskil og var stærsta skrefið í baráttu íslensku þjóðarinnar fyrir sjálfstæði.

Tímabil heimastjórnarinnar 1904 til 1918 var skeið umskipta og óvenjulegrar grósku í íslensku þjóðlífi.

Glöggvitni um breytinguna eru endalok fjöldaflutninganna vestur um haf. Á röskum 30 árum í lok 19. aldar hafði fimmtungur íslensku þjóðarinnar flust til Norður-Ameríku í leit að rýmri tækifærum og bjartari framtíð. Á þremur árum, frá 1903 til 1906, á sama tíma og útflytjendum frá Evrópu fór yfirleitt fjölgandi, fækkaði íslenskum vesturförum úr 800 á einu ári í tæpt hundrað. Íslendingar þurftu ekki lengur að líta til annarrar heimsálfu til þess að greina bjartari framtíð fyrir sig og afkomendur sína.

Nýbreytni, framfarahugur og bjartsýni settu svip á flest svið þjóðlífsins. Atvinnulífið tók stakkaskiptum með útgerð vélknúinna fiskiskipa. Framleiðsla

sveitanna var einnig í sókn, sem og þjónustugreinarnar í ört vaxandi þéttbýli. Nýjar stofnanir og fyrirtæki tóku til starfa, listgreinar hösluðu sér völl og íslenskir afreksmenn á hinum ýmsu sviðum gátu sér frægðarorð erlendis. Mannlífið varð fjölbreyttara og þrátt fyrir fátækt og strit, sem flestir þjuggu við, fór efnahagur fólksins í landinu smám saman batnandi og lífsgæðin urðu betri og fjölbreyttari.

Fyrsti ráðherrann, Hannes Hafstein, sýslumaður á Ísafirði, var þjóðkunnur og eitt ástsælasta skáld þjóðarinnar. Fyrri ráðherratími hans var óvenju svipmikill hvernig sem á er litið. Ráðherrann stóð fyrir miklum framkvæmdum og nýjungum sem aldrei áður höfðu sést í landinu og lög landsmanna og réttindi breyttust meira á þessum stutta tíma en nokkru sinni í sögu þjóðarinnar.

Á þeim hundrað árum, sem liðin eru frá valdatöku Hannesar Hafstein, hafa að honum meðtöldum 24 einstaklingar setið í stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg sem ráðherrar eða forsætisráðherrar landsins.

# Leiðin til sjálfstæðis



## Alþingi endurreist

Fyrsta skref til sjálfstjórnar Íslendinga var Þjóðkjör-ið þingi, Alþingi, sem kom fyrst saman 1845. Undir forystu Jóns Sigurðssonar mótaði Alþingi kröfur um aukið sjálfstæði landsins sem að nokkru fékkst framgengt með stjórnarskránni 1874. Eftir það hafði Alþingi löggjafarvald og réð fjárveitingum úr sjóði landsins. Stjórnarskráin var mikil lyftistöng í störfum Alþingis og markaði djúp spor í þjóðfrelsisbaráttu þjóðarinnar.

Danska ríkisstjórnin fór eftir sem áður með stjórn landsins. Um ráðherravaldið í íslenskum málum snerist næsti þáttur sjálfstæðisbaráttunnar sem leiddi til heimastjórnar 1904. Jafnframt komst á þingræði á Íslandi sem síðan hefur verið hornsteinn í stjórnarfari landsins. Stærsta skrefið var stigið 1904 þegar raunverulegt ákvörðunarvald var flutt úr dönskum höndum til Íslendinga. Aldrei höfðu jafnmikil völd, fyrr eða síðar, flust á einum degi frá Danmörku til Íslands. Eitt af hlutverkum heimastjórnarinnar var að fylgja eftir vaxandi sjálfstæðiskröfum Íslendinga við Dani. Samningar náðust 1918 um fullveldi Íslands í konungssambandi við Danmörku. Ísland var orðið fullvalda ríki, konungsríkið Ísland, og hafði samningsbundinn rétt til að segja upp sambandinu við Danmörku að aldarfjórðungi liðnum.

Fullveldið 1918 var stærsta formlega skrefið til sjálfstæðis landsins. Því var fylgt eftir 1944 með því að slíta sambandinu við Danmörku og stofna sjálfstætt lýðveldi. Það var gert á Þingvöllum 17. júní á fæðingardegi Jóns Sigurðssonar. Hundrað árum áður bjuggu Íslendingar við einveldi erlends konungs. Nú nutu þeir óskoraðs sjálfstæðis í eigin þjóðríki.

## Stjórn málin

Stjórn málafríð var einfalt í sniðum á heimastjórnartímanum. Virkir stjórn málamenn voru umfram allt

alþingismennirnir sem sátu á þingi fáa mánuði annað hvert ár. Þeir höfðu yfirleitt allt annað aðalstarf. Þeir sem komust næst því að vera stjórn málamenn að atvinnu voru ritsjórar blaðanna því að þeir töldu það meginhlutverk sitt að miðla hinni pólitísku umræðu hvort sem blöðin voru málöggn flokka og flokksbrota eða einkamálöggn ritstjóranna sjálfra.

Pólitísk umræða, bæði í blöðum og á þingi, var oft persónuleg og illskett. Kjósendur lærðu að dá sína menn en tortryggja andstæðingana, jafnvel fyrir líta. Stjórn málafríð sem slíkum gerðu menn hins vegar ekki lítið úr enda duldist engum að þar var tekist á um hin mikilvægustu framtíðarmál, uppbyggingu nútímaþjóðfélags á Íslandi og stöðu Íslands gagnvart Danmörku. Hið síðarnefnda, sjálfstæðisbaráttan, var þar fremst í flokki sem heilagur málstaður þjóðar og þjóðernis.

Með heimastjórninni varð myndun þingmeirihluta og val á ráðherra að nýjum brennipunkti stjórn málafríð og samstarf þings og ráðherra varð lyklatríði í farsælli landstjórn. Heimastjórnartíminn reyndist oft býsna stormasamur þar sem ráðherrar sátu oftast í eitt eða tvö ár. Undanskilin er fyrri ráðherratið Hannesar Hafstein sem stóð í fimm ár.

## Þingræðið

Eftir að einveldi lauk í Danmörku um miðja nítjándu öldina komst þar á þingbundin konungstjórn þ.e. æðstu völd skiptust á milli löggjafarþings og konungs. Konungur bar þó ekki persónulega ábyrgð á stjórn landsins. Það gerði ríkisstjórnin eða ráðherrarnir. Konungur valdi forsætisráðherrann og aðra ráðherra. Forsætisráðherrann myndaði stjórn. Þingið gat reynt að hafa áhrif á ráðherra vald konungs en hann var

ekki skyldugur til að fara eftir vilja þingsins í því efni. Danmörk varð ekki þingræðisríki fyrr en 1901.

Samkvæmt stjórnarskránni 1874 hafði Ísland líka þingbundna konungsstjórn í öllum sérmálum. Alþingi hafði löggjafar- og fjárveitingarvald, en konungur valdi ráðherra. Konungur fól dómsmálaráðherra Dana jafnan Íslandsmálin.

Í þessu fólust veruleg dönsk yfirráð yfir sérmálum Íslands. Ráðherrann var ekki aðeins Dani með takmarkaðan áhuga á málefnum lands og lýðs. Hann var einnig hluti af dönskum stjórnámálum, háður þingi og almenningsáliti í Danmörku miklu frekar en á Íslandi og óhjákvæmilega fulltrúi Dana gagnvart Íslendingum ef hagsmunir rákust á.

Þingræði komst á í Danmörku 1901 þegar konungur valdi forsætisráðherra úr þeim flokki sem hafði meirihluta á þingi. Eftir það gat þingmeirihluti gert tilkall til stjórnarmyndunar og valið sér forsætisráðherra að vild. Konungi var skylt að hlíta því. Ríkisstjórnin, og þar með Íslandsráðherrann, var nú sjálfstæðari gagnvart konungi en áður. Þetta breytti engu um sjálfstæði Íslands. Danskir stjórnáramenn sóttu vald sitt til danskra kjósenda.

Þegar danska þingræðisstjórnin bauð Íslendingum heimastjórn þótti sjálfsgætt að þingræði gildi einnig í sérmálum landsins þannig að ráðherraval og ráðherraskipti færu eftir vilja Alþingis. Þó kom það fyrir á heimastjórnartímanum að fleiri en eitt ráðherraefni hafði stuðning þingmeirihluta og völdu Danir þá á milli eins og þeir höfðu valið Hannes Hafstein á sínum tíma. Þegar Alþingi tilnefndi einn mann fór konungur að vilja þess.

Það var ekki aðeins sérstakur ráðherra og stjórnarráð hans í Reykjavík, sem færði Íslandi aukna sjálfstjórn 1904, heldur fólst mikilvægur sjálfstæðisáfangi í þingræðinu sjálfu þ.e. tilfærsla valds frá erlendum konungi til innlands þjóðþings. Löggjafarvald Alþingis hafði verið háð neitunarvaldi konungs en með þingræðinu hvarf sú takmörkun. Ráðherranum, sem sat í umboði Alþingis, var ekki stætt á að beita konungi fyrir sig gegn þingviljanum og konungur hlaut að staðfesta lög og stjórnarathafnir eftir tillögu þingræðisráðherra. Aðeins, ef Ísland teldist ganga á rétt Danmerkur eða fara út fyrir mörk sérmálanna, gat danska stjórnin beitt

konungi fyrir sig gegn Íslandsráðherra. Þess vegna vildu Danir að danska ríkisráðið afgreiddi mál með ráðherra Íslands. Að öðru leyti fól heimastjórnin í sér fulla sjálfstjórn Íslendinga í sérmálum. Ef dönsk yfirráð höfðu staðið í vegi fyrir framförum á Íslandi þá var þeirri hindrun nú rutt úr vegi.

## Flokkar og ráðherrar

Stjórnáramlaflokkar heimastjórnartímans voru fyrst og fremst þingflokkar, en í lauslegum tengslum við áhrifamenn utan þings, ekki síst eigendur og ritstjóra blaðanna. Frambjóðendur til þings treystu á persónufylgi í kjördæmum sínum ekki síður en flokksfylgi og stundum var óljóst hvaða flokki þeir myndu fylgja að kosningum loknum.

Á kjörtímabilinu 1903–1908 var flokkaskiptingin skýr. Þar var Heimastjórnarflokkurinn undir forystu Hannesar Hafstein í meirihluta en í minnihluta og stjórnarandstöðu voru Valtýingar. Þeir höfðu fyrst nefnt sig Stjórnarbotarflokk þá Framfaraflokk og Framsóknarflokk fyrstu ár heimastjórnar en tóku sér nafnið Þjóðræðisflokkur eftir bændafundinn gegn símanum 1906. Í kosningunum 1908 breytti Þjóðræðisflokkurinn enn um nafn og kallaði sig Sjálfstæðisflokk. Þá hafði svonefndur Landvarnarflokkur, þjóðmálahreying ungra þjóðernissinna, sameinast honum.

Með uppkastskosningunum 1908 hófst umbrotaskeið í íslenskum stjórnámálum sem stóð til 1916. Þing var rofið á þriggja ára fresti og í öll skiptin náði stjórnarandstaðan meirihluta: Sjálfstæðisflokkur 1908 og 1914, Heimastjórnarflokkur 1911. Sigurvegarnir völdu ráðherra á næsta þingi: Björn Jónsson 1909, Hannes Hafstein 1912, Sigurð Eggerz 1914. Enginn þeirra hafði setið heilt ár í embætti þegar þingmeirihlutinn klofnaði. Hannes náði að þræuka fram yfir næstu kosningar, en Björn og Sigurður hlutu að víkja fyrir flokksbræðrum sínum, Kristjáni Jónssyni 1911 og Einari Arnórssyni 1915, en þeir stjórnðu báðir til bráðabirgða með stuðningi Heimastjórnarflokksins. Eftir ósigur Heimastjórnarflokksins 1908 sat Hannes Hafstein áfram á ráðherrastóli þar til þingmeirihlutinn 1909 samþykkti vantraust á hann og valdi Björn Jónsson, ritstjóra, sem ráðherra. Á næsta þingi 1911 var Sjálfstæðisflokkurinn

sundraður. Hluti hans, „sparkliðið“, stóð að vantrausti á Björn. Nýtt ráðherraefni flokksins var Skúli Thoroddsen sem flestir flokksmenn studdu eða hétu a.m.k. hlutleysi. Nokkrir vildu hins vegar styðja Kristján Jónsson, sjálfstæðismann, sem hafði einnig Heimastjórnarflokkinn á bak við sig. Kristján og Skúli höfðu báðir hlutleysisloforð frá tveimur þingmönnum og gátu þar með hvor um sig talið sig hafa meirihluta á þingi. Danir töldu heimilt að sniðganga þann sem líklegri væri til að lenda í hörðum deilum um sambúð landanna og völdu þeir Kristján í embættið. Í þessari rimmu varð Kristján viðskila við Sjálfstæðisflokkinn og taldist utan flokka á meðan hann var ráðherra.

Á auk þingi 1912 tók Hannes Hafstein við ráðherradómi öðru sinni, nú í nafni Sambandsflokksins. Að þeim flokki stóðu í fyrstu allir þingmenn nema þrír en þeim fækkaði brátt og voru í minnihluta á þingi 1913. Hannes stjórnaði þá án eiginlegs meirihluta en meirihluti þingmanna varði hann vantrausti m.a. hluti af svonefndum Bændaflokki, en það voru lausleg samtök þingbænda sem urðu ekki að eiginlegum flokki fyrr en 1915.

Í kosningum 1914 var flokkaskipting í mikilli ringulreið en á þingi endurreisu gömlu flokkarnir tveir. Annars vegar Heimastjórnarflokkurinn með Hannes Hafstein sem leiðtoga minnihlutans og hins vegar Sjálfstæðisflokkurinn sem studdi til valda nýjan ráðherra, Sigurð Eggerz. Eftir nokkurra vikna valdaferil baðst Sigurður lausnar vegna ágreinings við konung í ríkisráðinu en hann stjórnaði áfram til bráðabirgða til vors 1915. Þá tók Einar Arnórsson við ráðherradómi. Hann var sjálfstæðismaður, eins og Sigurður, en sótti stuðning aðallega til Heimastjórnarflokksins, rétt eins og Kristján Jónsson gerði 1911. Á þingi um sumarið klofnaði Sjálfstæðisflokkurinn endanlega í tvo hluta. Minnihlutinn, sem studdi Einar ráðherra, var kallaður „langsum“ en meirihlutinn, sem fylgdi Sigurði Eggerz, var kallaður „þversum“. Auk þess kom Bændaflokkurinn fram á þessu þingi sem sjálfstæður þingflokkur. Hann var fyrirrennari Framsóknarflokksins sem var stofnaður 1916. Sama ár varð Alþýðuflokkurinn til, ekki þó sem þingflokkur, heldur stjórn málaarmur Alþýðusambands Íslands sem þá var nýstofnað.

Þar sem stjórnarskrárbreytingarnar 1915 breyttu miklu um kosningarétt og skipan Alþingis var þing

rofið og efnt til kosninga 1916. Heimastjórnarflokkurinn reyndist sterkastur. Hann myndaði stjórn með Sjálfstæðisflokki „þversum“ og hinum nýja Framsóknarflokki 1917. Þetta var fyrsta samsteypu-stjórnin. Ráðherrarnir voru þrír og kom forsætið í hlut Heimastjórnarflokks en sökum heilsubrests Hannesar Hafstein var Jón Magnússon bæjarfógeti valinn forsætisráðherra. Það var stjórn Jóns Magnússonar sem gerði sambandslagasamninginn við Dani 1918. Eftir 10 ára harðar sviptingar var sambandsmál Íslendinga og Dana leyst með þeim hætti að Ísland varð fullvalda ríki.

## Fyrsti ráðherrann

Ráðherraembættinu, sem varð til með heima-stjórninni, fylgdu meiri völd og ábyrgð en nokkurri stöðu á Íslandi í alda raðir. Í sérmálum Íslands tók ráðherrann við því valdi sem danska stjórnin hafði áður. Hann var að vísu háðari vilja Alþingis en danski Íslandsráðherrann hafði verið en staða hans var til þess fallin að veita honum forystuhlutverk á þingi. Ráðherrann fékk einnig nýtt ábyrgðarhlutverk og var það ekki vandaminnsti þáttur ráðherra-starfsins þ.e. að halda á málstað Íslands gagnvart Danmörku. Heimastjórnarflokkurinn vann þingmeirihluta í kosningunum 1903 og gerði því tilkall til ráðherraembættisins en flokkurinn lét konungi eftir að ákveða hvaða flokksmaður skyldi taka við því. Það var í raun ráðherra Íslandsmála í dönsku stjórninni sem þurfti að ganga úr skugga um hvaða heimastjórnarmaður væri best til þess fallinn að halda trúnaði starfhæfs meirihluta á þingi og fara með hin vandasömu samskipti við konung og ríkisstjórn Dana. Hannes Hafstein, sýslumaður og bæjarfógeti á Ísafirði, varð fyrir valinu. Hann var af yngri kynslóð stjórnmalamanna, hafði aðeins setið á tveimur þingum en naut þó mikils trausts í flokki sínum. Þegar stjórnarskipti urðu í Danmörku 1901 var Hannesi falið að túlka sjónarmið meirihluta Alþingis fyrir hinum nýju valdhöfum. Sendiförin gaf honum tækifæri til að sanna, bæði fyrir Dönum og Íslendingum, hæfileika sína til að gegna hinum diplómatiska þætti ráðherrastarfsins.

Hannes Hafstein fæddist árið 1861. Hann var sonur amtmannshjónanna á Möðruvöllum en var barn að aldri þegar faðir hans missti embættið. Hann ólst því ekki upp sem höfðingjasonur en ættingjar

studdu hann til mennta. Hannes vakti athygli í menntaskóla fyrir námsgáfur og forystuhæfileika og var þá þegar byrjaður að yrkja. Á námsárunum við Kaupmannahafnarháskóla varð hann þjóðfrægur sem ungskáld, skáld lífsgleði, ásta og karlmannlegrar bjartsýni. Hannes kom heim sem lögfræðingur, stofnaði heimili og gerðist embættismaður, fyrst í Reykjavík en síðan varð hann bæjarfógeti og sýslumaður á Ísafirði. Sem sýslumaður Ísafirðinga varð hann frægur af mannskæðri svaðilför gegn erlendum landhelgisbrjóti á Dýrafirði. Hannes Hafstein var fyrst kjörinn á þing 1901 og varð síðan stjórnámaður í fremstu röð á meðan honum entist líf og heilsa. Hann var fyrsti ráðherra Íslands 1904-1909 og öðru sinni 1912–1914. Eins og allir stjórnálamenn var hann umdeildur en hann eignaðist marga einlæga aðdáendur. Hans er einnig minnst fyrir skáldskap og einstakan glæsileik í sjón og framkomu.

## Stjórnarráð Íslands

Í kjölfar þess að Íslandi var sett stjórnarskrá árið 1874 var ákveðið að stofna sérstakt stjórnarráð eða ráðuneyti fyrir Ísland. Ráðuneytið heyrði undir danska dómsmálaráðherrann og var þetta auka-starf hans. Þessi skipan gilti til 1904 og kom enginn þeirra manna, sem gegndi embætti ráðherra Íslands á þessu tímabili, nokkurn tíma til landsins.

Miklar umræður og nokkrar deilur voru hérlendis á síðustu tveimur áratugum 19. aldar og í upphafi hinnar 20. um stjórnskipan landsins. Samstaða ríkti meðal Íslendinga um að stefna ætti að því að íslenskur maður veitti æðstu stjórn landsins forstöðu en deilt var um hvernig þessu skyldi hagað í einstökum atriðum. Kringum aldamótin 1900 komst hreyfing á þessi mál og í kjölfar stjórnarskipta í Danmörku árið 1901 féllst danska stjórnin á að komið yrði á fót embætti íslensks ráðherra sem hefði aðsetur í Reykjavík.

Til að hrinda þessum áformum í framkvæmd var stjórnarskránni fyrir Ísland breytt árið 1903 og mælt þar fyrir um stöðu og hlutverk ráðherra Íslands. Þar var tekið fram að hann mætti ekki gegna öðru ráðherraembætti og yrði að vera fær um að tala og rita á íslensku. Þá skyldi hann fara svo oft sem þurfa þætti til Kaupmannahafnar til þess að bera lög og „mikilvægar stjórnarráðstafanir“ upp „fyrir konungi

í ríkisráðinu“. Var stjórnarskrárbreytingunni ætlað að taka gildi hér á landi 1. febrúar 1904.

Samhliða stjórnarskrárbreytingunni voru sett lög um æðstu umboðsstjórn Íslands. Samkvæmt þeim skyldi stofna stjórnarráð í Reykjavík og ráðnir þar til starfa landritari og þrjú skrifstofustjórar. Fór landritari með yfirstjórn daglegrar starfsemi Stjórnarráðsins undir umsjón ráðherra og var staðgengill hans. Lög um æðstu umboðsstjórn Íslands voru ekki ítarleg. Ekki var þar fjallað um starfssvið Stjórnarráðsins en í nefndaráliti um lagafrumvarpið kom fram tillaga um hvernig einstökum verkefnum skyldi skipt niður á skrifstofur. Sú skipting var í öllum meginatriðum lögð til grundvallar við stofnun Stjórnarráðsins. Fyrsta skrifstofa þess skyldi fjalla um dómsmál, skólamál og kirkjumál. Önnur skrifstofa sá um atvinnumál, samgöngumál og póstmál en sú þriðja hafði umsjón með fjárhagsmálum ríkisins, endurskoðun og reikningsmálum. Síðar voru þær nefndar kennslu- og dómsmáladeild, atvinnu- og samgöngumáladeild og fjármála- og endurskoðunardeild.

Eftir að ákveðið hafði verið að flytja æðstu stjórn landsins til Íslands þurfti að taka afstöðu til þess hver skyldi veita henni forstöðu og þá um leið hvort ráðherrann skyldi valinn úr röðum embættismanna eða hvort skipa ætti forystumann á Alþingi Íslendinga í embættið sem nyti stuðnings meirihluta á þingi. Þáverandi Íslandsráðherra í Kaupmannahöfn, P.A. Alberti, mun hafa ætlað að skipa embættismann til starfans en hvarf frá því vegna andstöðu forystumanna Íslendinga. Hannes Hafstein var valinn til að gegna fyrsta ráðherraembættinu með aðsetur á Íslandi, enda var hann þá orðinn helsti forystumaður heimastjórnarflokksins sem þá hafði meirihluta á Alþingi. Hannes hafði þó ekki setið á þingi nema í fáein ár. Klemens Jónsson var valinn landritari en hann var einnig í forystu heimastjórnarmanna.

Um hádegisbil 1. febrúar 1904 komu hinir nýju embættismenn í Stjórnarráðshúsið. Endurbætur höfðu verið gerðar á húsinu enda hafði þar bæði verið heimili og skrifstofa landshöfðingja. Athöfnin mun ekki hafa verið sérlega hátíðleg enda var landshöfðingi „frekar stuttur í spuna“ þegar hann lét nú af embætti eftir 18 ár starf. Um kvöldið var þessara þáttaskila minnst með veislu í lönó.



# Undirbúningur 2003



Í byrjun júlí 2003 fór Davíð Oddsson, forsætisráðherra, fram á það við Júlíus Hafstein, fyrrverandi framkvæmdastjóra Kristnihátíðar, að hann tæki að sér að undirbúa og vera framkvæmdastjóri fyrir væntanleg hátíðarhöld í tilefni af 100 ára afmæli heimastjórnar á Íslandi. Jafnframt ákvað forsætisráðherra að skipa verkefnisstjórn vegna þessa og ákveðið var að Júlíus yrði jafnframt í forsvari fyrir hana. Framkvæmdastjóri var ráðinn frá 1. júlí 2003 til 15. september 2004. Þá var jafnframt ákveðið að Halldór Árnason, skrifstofustjóri forsætisráðuneytisins, yrði samstarfsaðili framkvæmdastjóra í ráðuneytinu um frágang á skjölum, reikningum og öðru slíku. Greiðslur vegna verkefna heimastjórnarafmælisins skyldi afgreiða í samráði við Óðinn H. Jónsson, fjármálastjóra ráðuneytisins.

## Verkefnisstjórn

Framkvæmdastjóri skipaði í verkefnisstjórnina um miðjan ágúst og tilkynnti hann viðkomandi embættismönnum það. Í verkefnisstjórninni sátu, auk framkvæmdastjóra, Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, Halldór Árnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu og Illugi Gunnarsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra.

Fyrsti fundur verkefnisstjórnarinnar var 17. september 2003 og hélt hún 6 fundi, þann síðasta í október. Þess á milli hafði framkvæmdastjóri samráð við nefndarmenn eftir þörfum.

## Framkvæmdastjóri

Eins og fyrr er getið var Júlíus Hafstein ráðinn framkvæmdastjóri heimastjórnarverkefnisins. Fékk framkvæmdastjóri aðstoðu á 5. hæð í húsinu við Hverfisgötu 6, þar sem norrænadeild forsætisráðu-

neytisins er til húsa. Er öll starfsaðstaða þar hin ágætasta. Annað fast starfsfólk var ekki ráðið vegna þessa verkefnis en framkvæmdastjóri réð ýmsa einstaklinga til að sinna sérstökum verkefnum eins og t.d. varðandi fjölmiðla, hönnun, undirbúning ráðstefnu í Kaupmannahöfn, gerð heimasíðu, undirbúning málþinga í Reykjavík svo að eitt hvað sé nefnt.

Framkvæmdastjóri annaðist alla samninga vegna sérverkefna eins og t.d. við bæjarfélögin á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði. Hann sá einnig um samninga við Þjóðleikhúsið og Skáksambandið vegna samsarfs við ræðismannsskrifstofuna í Winnipeg, við DIS Congress Servis í Kaupmannahöfn, vegna ráðstefnu þar í borg þann 5. mars 2004, og ýmsa fleiri.

## Fundir verkefnisstjórnar

Fundir verkefnisstjórnarinnar voru mánaðarlega fyrstu mánuði starfsins á meðan rætt var um grunnundirbúning og ákvarðanir um viðburði hátíðarinnar. Margar hugmyndir og tillögur komu fram en endanlegar niðurstöður má sjá í meðfylgjandi heildardagskrá. Samstaða var í nefndinni um verkefni og vinnubrögð. Eftir að megin ákvarðanir lágu fyrir var framhaldið í höndum framkvæmdastjóra. Hvað varðar ferð 5 stórmeistara og 8 listamanna frá Þjóðleikhúsinu til Winnipeg og Gimli í Manitoia í Kanada var ljóst að fjárhagsáætlun mundi ekki standast og yrði því að koma til stuðningur annars staðar frá. Báðir aðstoðarmenn ráðherra, sem sátu í verkefnisstjórninni, samþykktu að brúa það bil frá sínum ráðuneytum með því að leggja til 750 þúsund krónur hvor til þessa sérstaka verkefnis. Er þessi ákvörðun þeirra ekki bókuð í fundargerð enda samþykkt á milli funda þó svo að umræða um þetta verkefni hafi átt sér stað á fundum nefndarinnar.

# Heildardagskrá



## Heimastjórn og Stjórnarráð Íslands 100 ára

### Ár 2004

#### 5. janúar, mánudagur kl. 15.00.

Lágmyndir af Hannesi Hafstein og Ragnheiði Hafstein. Gjöf til Þjóðmenningarhússins. Gefendur eru fjögur barnabörn Hannesar og Ragnheiðar og fjölskyldur þeirra.

#### 12. janúar, mánudagur kl. 16.00.

Landbúnaðarráðherra, Guðni Ágústsson, afhendir Þjóðmenningarhúsinu skrifborð Hannesar Hafstein sem hann notaði í stjórnarráðinu 1. febrúar 1904 og árin þar á eftir.

#### 14. janúar, miðvikudagur kl. 17.00.

Íslandspóstur gefur út nýtt frímerki í tilefni afmælis heimastjórnarinnar. Forstjóri Íslandspósts, Einar Þorsteinsson, afhendir samgönguráðherra, Sturlu Böðvarssyni, fyrsta merkið.

#### 17. janúar, laugardagur kl. 16.00.

Afhjúpaður minnisvarði um Hannes Hafstein fyrir utan heimili hans og Ragnheiðar að Mánagötu 1, Ísafirði, en Hannes var sýslumaður Ísfirðinga þegar hann var skipaður ráðherra Íslands.

#### 26. janúar, mánudagur kl. 16.00.

Heimasíða opnuð. Athöfn í Þjóðmenningarhúsinu þar sem Davíð Oddsson, forsætisráðherra, opnar nýja heimasíðu, [www.heimastjorn.is](http://www.heimastjorn.is).

#### 30. janúar, fimmtudagur kl. 20.00.

Menning og listir heimastjórnaráranna. Ný uppfærsla með tónlist, ljóðum og leiknum atriðum frá heimastjórnarárunum. Þjóðleikhúsið sér um uppfærsluna. Um 20 listamenn taka þátt í sýningunni. Dagskráin hefur hlotið nafnið – Sólin gleymdi dagsins háttatíma – sem er ljóðlína úr Fjalla Eyvindí eftir Jóhann Sigurjónsson. Bylting er að verða í íslensku menningarlífi. Leikhús, kvikmyndir,

fyrstu málverkasýningarnar að ógleymdri ljóðagerð sem tónskáldin semja ótal lög við. Dagskrárgerð er í höndum Þórhalls Sigurðssonar og Guðjóns Friðrikssonar en Jóhann G. Jóhannsson stjórnar tónlistarflutningi.

#### 1. febrúar, sunnudagur kl. 13.30.

Útgáfudagur ritsins Stjórnarráð Íslands 1964–2004. Athöfn í Þjóðmenningarhúsinu.

#### 1. febrúar, sunnudagur kl. 15.00.

Forsætisráðherra, Davíð Oddsson, leggur blóm-sveig á leiði Hannesar og Ragnheiðar Hafstein í kirkjugarðinum við Suðurgötu.

#### 1. febrúar, sunnudagur kl. 20.00.

Hátíðardagskrá í Þjóðmenningarhúsinu kl. 20.00. Davíð Oddsson, forsætisráðherra, flytur ræðu um stofnun Stjórnarráðs Íslands og heima-stjórnina. Dagskráin stendur í um eina klukkustund og er í beinni útsendingu í ríkissjónvarpinu.

#### 1. febrúar, sunnudagur kl. 14.00.

Sýning opnuð á Ísafirði í Safnahúsinu þar sem sýnd verða skjöl og munir frá sýslumannstíð Hannesar Hafstein.

#### 3. febrúar, þriðjudagur kl. 15.00.

Opnuð sýning í Þjóðmenningarhúsinu um aðdraganda og áhrif heimastjórnarinnar svo og um fyrsta ráðherrann.

#### 6. febrúar, föstudagur kl. 13.30.

Málþing í hátíðarsal Háskóla Íslands um heima-stjórn og þingræðið. Samstarfsverkefni forsætisráðuneytisins og Háskóla Íslands.

**14. febrúar, laugardagur kl. 13.30.**

Málþing í Möðruvallakirkju. Þrír fyrirlesarar flytja erindi um heimastjórn og þær breytingar sem fylgdu í kjölfarið. Umræður verða á milli erinda.

**15. febrúar, sunnudagur, kl. 16.00.**

Sýning opnuð í Safnahúsinu á Ísafirði þar sem m.a. eru sýndir ýmsir munir frá sýslumannstíma Hannesar Hafstein á Ísafirði.

**4. mars, fimmtudagur kl. 16.00.**

Opnuð ný sýning í Jónshúsi, Kaupmannahöfn. Verkefnið er í höndum forseta Alþingis og starfsliðs. Hönnuður sýningarinnar er Björn Björnsson.

**5. mars, föstudagur kl. 10.00.**

Ráðstefna í Kaupmannahöfn um samskipti Íslands og Danmerkur í 100 ár. Ræðumenn jafn margir frá báðum löndum og m.a. flytja forsætisráðherrar beggja landanna erindi. Aðrir tveir ráðherrar frá hvorri þjóð eru í pallborðsumræðum. Ræður eru fluttar bæði á dönsku og íslensku. Ráðstefnan fer fram í hinu nýja húsnæði Íslands, Grænlands og Færeyja við Strandgötu. Eftir ráðstefnuna er mót-taka í sendiráði Íslands sem er í sömu byggingu.

**17. mars, miðvikudagur kl. 13.30.**

Málþing. Réttindabarátta kvenna á heimastjórnar-árunum í Salnum í Kópavogi. Samstarfsverkefni forsætisráðuneytisins og Háskóla Íslands. Kvenréttindafélag Íslands tekur þátt í undirbúningi málþingsins.

**18. mars, fimmtudagur kl. 16.00.**

Sýning í Amtbókasafninu á Akureyri á munum og skjölum sem tengjast heimastjórnarárunum. Um kvöldið er tónlistar- og ljóðakvöld þar sem lesið er og flutt tónlist við ljóð Hannesar Hafstein.

**15. apríl, fimmtudagur kl. 20.30.**

Málþing á Akureyri, Amtbókasafninu. Valtýr Guðmundsson og heimastjórnin.

**15. maí, laugardagur kl. 14.00.**

Ritgerðasamkeppni framhaldsskóla. Úrslit kynnt og verðlaun afhent í Þjóðmenningarhúsinu.

**12. júní, laugardagur kl. 14.00.**

Sýning og málþing um símann. Málþingið er í Safnahúsinu á Seyðisfirði.

**17. júní, fimmtudagur kl. 10.00.**

60 ára lýðveldisafmæli, morgunstundin tileinkuð 100 ára afmæli heimastjórnarinnar.

**17. júní, fimmtudagur kl. 16.00.**

Endurútgáfa á bók Agnars Kl. Jónssonar, Stjórnarráð Íslands 1904–1964.

**17. júní, fimmtudagur kl. 16.00.**

Athöfn við stytta Jóns Sigurðssonar fyrir framan þinghúsið í Winnipeg, Kanada.

**10. september, föstudagur kl. 13.30.**

Málþing um atvinnubyltinguna á heimastjórnar-árunum í hátíðarsal Háskóla Íslands. Samstarfsverkefni forsætisráðuneytisins og Háskóla Íslands.

**14. september, þriðjudagur kl. 16.00.**

Útgáfudagur bókar um ráðherra Íslands og forsætisráðherra Íslands í 100 ár. Sérstök ritnefnd starfar við undirbúning og útgáfu bókarinnar.

**4. desember, miðvikudagur kl. 17.30.**

Skáldið Hannes Hafstein. Dagskrá og sýning í Þjóðmenningarhúsinu um skáld mánaðarins. Sýningin mun standa yfir allan desembermánuð.

# Einstakir viðburðir

# 5

Í heild voru skipulagðir tæplega 30 viðburðir í tengslum við heimastjórnarafmælið. Þessir viðburðir voru misjafnlega umfangsmiklir og fóru þeir fram um allt land og auk þess bæði í Danmörku og Kanada. Hér verður farið yfir þá helstu.

## Þjóðmenningarhúsið 1. febrúar 2004

Hátíðardagskráin, sem var í Þjóðmenningarhúsinu að kvöldi 1. febrúar, var sá viðburður sem hæst stendur þegar á heildina er litið. Dagskráin hófst kl. 20.00 en áður höfðu félagar úr Karlakór Reykjavíkur sungið ættjarðarlög í stigagöngum hússins. Davíð Oddsson, forsætisráðherra, flutti ræðu um stofnun Stjórnarráðs Íslands og tilurð heimastjórnar á Íslandi en þennan dag voru liðin 100 ár frá því að fyrsti Íslendingurinn, Hannes Hafstein, varð ráðherra Íslands. Þá tók íslenskur maður, sem talaði og skrifaði á íslensku, við völdum úr höndum danskra stjórnvalda. Hér var því um að ræða lang merkasta einstakan áfanga íslensku þjóðarinnar til fulls sjálfstæðis.



Aðrir dagskrárlíðir voru þjóðlegir og menningarlegir. Þar var m.a. ljóðaflutningur og tónlist eftir listamenn aldamótakynslóðarinnar eins og hún er

oft nefnd. Ríkissjónvarpið sá um beina útsendingu frá athöfninni og stóð hún í 45 mínútur. Á undan henni var sýndur 20 mínútna langur heimildarþáttur um aldamótin 1900 og heimstjórnina.



## Stjórnarráðsbókin

Fyrr þennan sama dag var gefið út ritið Stjórnarráð Íslands 1964–2004 og var það framhald af bók þeirri sem gefin var út í tilefni af 60 ára afmæli stjórnarráðsins og rituð af Agnari Kl. Jónssyni. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, var formaður ritnefndar bókarinnar en ritstjóri var Sumarliði Ísleifsson, sagnfræðingur. Sérstakur kafli um þetta rit fylgir þessari skýrslu.



## Heimasíða

Í nútíma samfélagi er tölva einn áhrifamesti miðillinn. Veffyrirtækið Birtingaholt sá um gerð heimasíðu vegna tímamótanna. Milli 10 og 15 manns skrifuðu texta sem tengdust heimastjórninni og aldamótunum 1900. Myndir voru fengnar hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Þjóðminjasafninu og hjá einstaklingum. Vefurinn er vistaður á stjórnarráðsvefnum og er einkenndur með fálkamerki Íslands ríkisins en það var skjaldarmerki Íslands á heimastjórnartímanum. Á heimasíðunni eru upplýsingar um tilurð heimastjórnarinnar, heimastjórnarárin, stærstu málin og þá einstaklinga sem við sögu komu. Gert er ráð fyrir að vefurinn verði áfram vistaður á stjórnarráðsvefnum.

## Sýning í Þjóðmenningarhúsi

Opnuð var sýning í Þjóðmenningarhúsinu þann 3. febrúar kl. 15.00. Undirbúningur að sýningunni hafði staðið í eitt og hálf ár og fjallaði sýningin um aðdraganda og áhrif heimastjórnarinnar svo og fyrsta ráðherrann. Árni Páll Jóhannsson hannaði sýninguna en í undirbúningsnefnd voru Jóhannes Nordal, Guðríður Sigurðardóttir og Halldór Árnason. Gert er ráð fyrir að sýningin standi fram á árið 2005.



## Sýning í Þjóðleikhúsinu

Þjóðleikhúsið minntist tímamótanna með sérstakri dagskrá á Stóra sviðinu þann 30. janúar kl. 20.00. Þar voru sýnd brot úr gömlum leikritum, lesin upp ljóð og fluttur frumsaminn texti sem tengdist aldamótunum 1900. Dagskráin fékk nafnið – Sólin gleymdi dagsins háttatíma – og tóku um 15 manns þátt í uppfærslunni. Sýningin var endurtekin tvisvar eftir frumsýninguna.

## Ráðstefna í Kaupmannahöfn

Í aldaðir var Kaupmannahöfn höfuðborg Íslands. Það breyttist við komu ráðherra til landsins og tók Reykjavík þá við því hlutverki og hefur haft það síðan. Í samstarfi við Alþingi, forsætisráðuneytið í Kaupmannahöfn og Folketinget í Danmörku var efnt til ráðstefnu í Kaupmannahöfn þann 5. mars 2004. Forsetar þjóðþinganna stýrðu ráðstefnunni, forsætisráðherrar beggja landanna fluttu ræðu svo og sagnfræðingar, lögfræðingar og ýmsir aðrir fræðimenn frá báðum þjóðum. Er þetta í fyrsta og eina skiptið sem þjóðirnar hafa tekið sig til og rætt fortíð, framtíð og samskipti þjóðanna þá og nú.



Ráðstefnan var haldin í hinu nýja húsnæði Íslands, Grænlands og Færeyja við Norðurbryggju en þar er einnig sendiráð Íslands. Mikil ánægja var með ráðstefnuna og þótti hún takast vel. Samstarf við dönsk yfirvöld, þ.e. forsætisráðuneytið og Folketinget var óaðfínanlegt í alla staði. Þá naut framkvæmdstjóri þess að sendiherra Íslands í Danmörku, Þorsteinn Pálsson, sýndi verkefninu mikinn áhuga svo og allt hans starfslið. Dagskrá ráðstefunnar fylgir þessari skýrslu.



## Sögusýning í Jónshúsi

Að tillögu framkvæmdastjóra, eftir ábendingu frá Þorsteini Pálssyni sendiherra, var rætt við forseta Alþingis, Halldór Blöndal, um að endurskapa og skipuleggja sögusýningu þá sem var í Jónshúsi í Kaupmannahöfn. Tók forseti Alþingis vel í hugmyndina. Var Björn Björnsson, hönnuður, fenginn til verksins. Má segja að ný sýning hafi verið búin til og er hún til mikils sóma. Á sama tíma og sýningin var í undirbúningi var húsnæðið, þar sem sýningin stendur, tekið til gagngerra endurbóta, þannig að aðstaða til sýningahalds og upplýsingagjafar er nú allt önnur og betri. Fyrir hönd Alþingis tóku þeir Helgi Bernóðusson og Karl Kristjánsson þátt í þessari endurskipulagningu. Án þeirra íhlutunar hefði sýningin ekki orðið jafn glæsileg og raun bar vitni. Sýningin var opnuð með ávarpi forseta Alþingis, Halldórs Blöndal, 4. mars 2004 og var það í beinum tengslum við ráðstefnuna í Kaupmannahöfn sem haldin var daginn eftir.

## Ráðherrabókin

Á fundi verkefnisstjórnar þann 19. febrúar 2004 var samþykkt að skipa ritnefnd til að annast útgáfu á bók um alla ráðherra Íslands og forsætisráðherra í 100 ár. Ritnefndin var þannig skipuð: Júlíus Hafstein, formaður, Sigurður Lindal, fyrrv. prófessor, Ingólfur Margeirsson, blaðamaður, Haraldur Ólafsson, fyrrv. prófessor og Jakob F. Ásgeirsson, rithöfundur og blaðamaður. Ritstjóri var ráðinn Ólafur Teitur Guðnason, blaðamaður.



Ritnefndin samþykkti að láta 24 einstaklinga skrifa um þá forystumenn sem setið hafa í Stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu sem ráðherrar Íslands eða

forsætisráðherrar þessi 100 ár. Bókin kom út 14. september 2004 og var athöfn í Þjóðmenningarhúsinu við það tækifæri. Nokkur gagnrýni kom fram vegna útgáfunnar, sérstaklega frá einstökum fræðimönnum. Rétt er að taka fram að nú í október, þegar þessi skýrsla er rituð, hefur bókin verið efst á sölulista í flestum bókaverslunum landsins síðustu vikurnar. Sérstakt yfirlit um bókina fylgir þessari skýrslu.



## Önnur útgáfa

Þann 17. júní var endurútféið rit Agnars Kl. Jónssonar, Stjórnarráð Íslands 1904–1964 en ritið kom út í tilefni af 60 ára afmæli stjórnarráðsins. Nýtt frímerki, að verðmæti 150 krónur, með mynd af fyrsta ráðherranum, var gefið út þann 15. janúar. Fyrsta-dagsumslaginu fylgdi silfurpeningur með mynd af ráðherranum öðrum megin og fálkaskjaldarmerkinu hinum megin. Samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, tók við fyrsta merkinu við athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Umslagið var sérprentað og var peningurinn í umslaginu. Þá hefur bókafélagið Uglan ákveðið að gefa út ævisögu Kristjáns Albertssonar um Hannes Hafstein í styttri útgáfu. Ævisagan kom út fyrir um 40 árum í þremur bindum. Var hún endurútféin fyrir 25 árum en hefur ekki verið fánleg í áraðir. Þá var gefið út ráðherratal með öllum ráðherra og ríkisstjórnunum. Í ljós kom að 117 einstaklingar hafa gegnt ráðherrarembætti á Íslandi frá 1. febrúar 1904 til sama tíma 2004.

## Sýningar

Af þeim tæplega 30 viðburðum sem voru skipulagðir vegna heimastjórnafræðisins voru 6 sýn-

ingar. Fimm þeirra voru að mestu með sögulegu ívafi, svo og ein uppfærsla í Þjóðleikhúsinu. Sýningarnar voru á Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og í Reykjavík. Sú umfangsmesta var í Þjóðmenningarhúsinu en á hinum stöðunum var meira um að sýnd væru söguleg gögn og minjar frá fyrstu árum tuttugustu aldarinnar. Það var mjög ánægjulegt að skoða þessar sýningar ekki síst vegna þess að þarna var ýmislegt sem ekki hafði áður komið fyrir sjónir almennings.

### Afhjúpun minnisvarða

Þann 17. janúar var afhjúpaður minnisvarði á Ísafirði til minningar um Hannes og Ragnheiði Hafstein en Hannes var sýslumaður Ísafirðinga áður en hann varð fyrsti ráðherra. Minnisvarðinn er við húsið þar sem fjölskylda Hannesar og Ragnheiðar bjó.



Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, afhjúpaði minnisvarðann og flutti ávarp við það tækifæri.

### Málþing

Málþing voru haldin á 5 stöðum á landinu, Reykjavík, Akureyri, Seyðisfirði, Ísafirði og á Möðruvöllum í Hörgárdal en það er fæðingarstaður Hannesar Hafstein. Þau voru 7 talsins, öll um afmörkuð efni sem tengdust heimastjórnarárunum. Þau voru mjög vel sótt og var oftast fullt út úr dyrum. Heimamenn á hverjum stað skipulögðu málþingin en framkvæmdastjóri afmælisins annaðist þau 3 sem voru haldin í Reykjavík.



Tvö málþingin voru haldin í hátíðarsal Háskóla Íslands, annað undir heitinu „Hvar liggur valdið“ og fjallaði að mestu um þingræðið en hitt undir heitinu „Atvinnubylting Íslendinga í upphafi heima-stjórnar og áhrif hennar á 21stu öldina“.



Þá var eitt málþingið í Salnum í Kópavogi undir heitinu „Hvar er jafnréttið“. Málþingin, sem haldin voru á landsbyggðinni, afmörkuðust af heimastjórnarárunum á hverjum stað fyrir sig. Dagskrár málþinganna fylgja þessari skýrslu.



## Gjafir

Í tilefni af aldarafmælinu bárust Þjóðmenningarhúsinu tvær gjafir. Framkvæmdastjóri heimastjórnarnefndarinnar hafði milligöngu með gjafirnar.

Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra, afhenti skrifborð það sem Hannes Hafstein hafði notað í stjórnarráðinu og flutti hann stutt ávarp við það tækifæri. Skrifborðið hafði um áratugi verið í landbúnaðarráðuneytinu og lét ráðherra lagfæra borðið þannig að nú er það sem nýtt. Borðið stendur í afgreiðslusal hússins og á því liggur gestabók þar sem gestir geta ritað nöfn sín.

Fjögur barnabörn Hannesar og Ragnheiðar Hafstein gáfu lágmyndir, steypnar úr bronsi, eftir Einar Jónsson. Var móttaka í Þjóðmenningarhúsinu þann 5. janúar og tók forsætisráðherra á móti gjöfinni að viðstöddum ættingjum fyrstu ráðherrahjónanna. Lágmyndunum hefur verið komið fyrir í stofu Hannesar Hafstein í Þjóðmenningarhúsinu.

## Annað

Þann 1. febrúar var stutt athöfn við leiði Ragnheiðar og Hannesar Hafstein í kirkjugarðinum við Suðurgötu. Þar lagði forsætisráðherra, Davíð Oddsson, blómsveig á leiði þeirra að viðstöddum fjölda afkomenda. Eftir stutt ávarp ráðherra var boðið til kaffisamsætis á Hótel Borg. Um 200 afkomendur Ragnheiðar og Hannesar voru þarna samankomnir.



Ákveðið var að efna til ritgerðasamkeppni meðal íslenskra framhaldsskólanema. Var skipað sérstök nefnd til að annast verkefnið. Tryggvi Gíslason, magister og fyrrverandi skólameistari við Mennta-

skólann á Akureyri, var fenginn til að stýra nefndinni. Færri tóku þátt í samkeppninni en búist var við og afhenti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, þrenn aðalverðlaun fyrir bestu ritgerðirnar í Þjóðmenningarhúsinu 15. maí 2004. Allir fengu sömu upphæð, 100 þúsund krónur. Einnig voru veitt bókaverðlaun.

Þann 17. júní fór 8 manna hópur leikara og söngvara á vegum Þjóðleikhússins ásamt 5 stórmeisturum í skák á vegum Skáksambandsins til Winnipeg og Gimli í Kanada. Var þetta samstarfsverkefni ræðismannsskrifstofunnar í Kanada og heimastjórnarnefndarinnar. Atli Ásmundsson, aðalræðismaður Íslands í Winnipeg, skipulagði dagskrá heimsóknarinnar. Haldin voru tvö skákmót og leiknar tvær leiksýningar. Um þetta verkefni er sérstakur kafli í skýrslunni. Á sama tíma var iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, í heimsókn á Íslendingaslóðum í Kanada. Hún var viðstödd bæði leiksýningar og skákmót.

Í byrjun desember 2004 mun Hannes Hafstein verða skáld mánaðarins í Þjóðmenningarhúsinu. Dagskráin liggur ekki fyrir og mun hún verða kynnt síðar. Verður þetta síðasti viðburðurinn í tilefni af aldarafmæli heimastjórnar á Íslandi.



# Heimastjórnarafræmælis minnst í Manitoba



Snemma á árinu kom fram mikill áhugi hjá forystumönnum fólks af íslenskum ættum vestur í Kanada að minnst heimastjórnarafræmælis með myndarlegum hætti. Atli Ásmundsson, aðalræðismaður Íslands í Manitoba, átti frumkvæði að viðræðum við Júlíus Hafstein, framkvæmdastjóra undirbúningsnefndar afmælisins, og lagði Atli fram tillögu fyrir afmælisnefndina. Tillagan byggðist einkum á tveimur atriðum:

Annars vegar að nýta þing Þjóðræknisfélaga Íslendinga í Norður Ameríku (Icelandic National League of North America) þar sem saman eru komnir fulltrúar félaga víða að frá Bandaríkjunum og Kanada og hins vegar að efna til viðburða í tengslum við 17. júní en Íslendingafélagið Frón í Winnipeg hefur í áratugi staðið fyrir hátíðarstund við stytta Jóns Sigurðssonar sem stendur á fallegum stað á lóð þinghússins í Winnipeg. Samþykkti heimastjórnarnefndin tillöguna.

## Þing Þjóðræknisfélagsins

Þingið var haldið 22.–25. apríl á Heklueyju en þangað er um tveggja klukkustunda akstur frá Winnipeg. Eyjan, sem nú er verndað svæði, er eitt af íslenskustu svæðunum vestan hafs og lengi bjuggu þar nánast eingöngu Íslendingar sem stunduðu fiskveiðar á Manitobavatni. Fáir búa nú á eyrni en þar eru sumarhús aðallega í eigu fólks af íslenskum ættum. Víða blaktir íslenski fáninn við hún. Gott ráðstefnuhótel er á eyrni og þar var þingið haldið.

Framkvæmdastjóri heimastjórnarafræmælisins, Júlíus Hafstein, flutti fróðlegt erindi (keynote speech) um heimastjórnarafræmælið og vakti erindið mikla athygli þingfulltrúa.

Árni Magnússon, félagsmálaráðherra, flutti hátíðarræðu sem fulltrúi íslensku ríkisstjórnarinnar og fjallaði hann um stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi samskiptin við fólk af íslenskum ættum í Kanada og mikilvægi þeirra.

Óhætt er að segja að ræðan féll fulltrúum vel í geð enda telja þeir að samskiptin hafi batnað til muna á seinni árum með markvissri stefnumótun íslenskra stjórnvalda. Bæði Árni og Júlíus heimsóttu ýmsa staði á Nýja Íslandi og hittu fjölda fólks bæði á fundum og á förnum vegi en slíkt er mjög mikilvægt fyrir allt starfið hér.

## 17. júní 2004

Snemma ákvað undirbúningsnefndin að vinna að tillögu sem Jóhann Sigurðarson, leikari, og Helgi Ólafsson, stórmeistari í skák, komu á framfæri að eigin frumkvæði. Tillagan fjallaði um það að hópur frá Þjóðleikhúsinu myndi setja á svið sýningu eftir Böðvar Guðmundsson, rithöfund, sérstaklega samda fyrir þetta tilefni, og sýna síðan í Manitoba. Sýningin heitir á ensku „New Iceland Saga with Songs“.

Auk þess lögðu þeir til að komið yrði á skákmóti með skáksambandi Manitoba og yrðu íslenskir stórmeistarar meðal þátttakenda. Var þetta einkar vel til fundið því að eitt hundrað ár eru liðin frá því að Vestur-Íslendingurinn, Magnús Smith, vann titilinn skákmeistari Kanada en þann titil vann hann alls fjórum sinnum.

Hátíðarhöldin 17. júní tókust einstaklega vel. Hátíðleg stund var við stytta Jóns Sigurðssonar þar sem Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, flutti ræðu og kveðjur frá íslensku þjóðinni. Leikarar úr Þjóðleikhúsinu sungu þjóðsöngva

landanna; Gunnar Eyjólfsson flutti ljóð; Peter M. Liba, fylkisstjóri, flutti ávarp og auk þess fluttu fjallkonan og fulltrúi borgarstjórnar ávörp.

Að þessari athöfn lokinni var gengið til Listasafns Winnipeg (Winnipeg Art Gallery) en þar fór fram sýning Þjóðleikhússins í nýjum sal safnsins. Húsfyllir var á sýningunni og sá sem þetta skrifar kann engin orð til að lýsa undirtektum sýningargesta en lætur nægja að segja að gestir bæði hlógu og grétu og að sýningu lokinni ætlaði fagnaðarlátum aldrei að linna. Gestir hópuðust að leikurunum til þess að þakka fyrir frábæra uppsetningu. Sýningin var síðan endurtekin næsta dag á Gimli við sömu undirtektir og væri þarft verk að gefa fleirum kost á að sjá þessa sýningu enda hafa borist beiðnir um það víðsvegar frá.

Skákmótið fór fram í háskólanum í Winnipeg og tókst það í alla staði mjög vel. Íslensku stórmeistararnir fjórir röðuðu sér í efstu sætin. Sigurvegarinn varð Helgi Ólafsson, stórmeistari.

Valgerður Sverrisdóttir heimsótti einnig Markerville, Alberta og flutti hún hátíðarræðu á Þjóðhátíð þeirra sem haldin var 18. júní.

Allir þessir viðburðir vöktu mikla athygli hér um slóðir og var mikið fjallað um þá í blöðum og sjónvarpi þannig að Ísland var mikið í sviðsljósinu þessa daga.

Hitt er ekki minna um vert að allt starf eflist í kjölfar slíkra atburða. Þeir eru því ákaflega kærkomnir. Víst er að hvergi fá íslenskir listamenn betri viðtökur og meira þakklæti en hjá frændum okkar í Kanada. Vil ég koma á framfæri bestu þökkum frá samfélaginu hér.

*Atli Ásmundsson,  
aðalræðismaður*

## „Forsætisráðherrar Íslands – ráðherrar Íslands og forsætisráðherrar í 100 ár“

Í janúar 2004 réð Júlíus Hafstein, framkvæmdastjóri heimastjórnarafmælisins, Ólaf Teit Guðnason, blaðamaður, til þess að ritstýra bók um alla 24 forsætisráðherra og ráðherra Íslands frá upphafi og var stefnt að því að bókin skyldi gefin út 14. september í tilefni af því að á árinu voru 100 ár liðin frá því að Íslendingar fengu heimastjórn. Ritnefnd var fullskipuð um miðjan febrúar og völdust í hana: Haraldur Ólafsson, prófessor, Ingólfur Margirsson, rithöfundur, Jakob F. Ásgeirsson, rithöfundur, og Sigurður Línadal, prófessor. Júlíus Hafstein var formaður nefndarinnar.

Ritnefndin hélt tólf fundi með ritstjóra frá því í lok febrúar og þar til bókin kom út þann 14. september 2004.

Helstu verkefni ritnefndar voru að velja höfunda; gefa álit á og samþykka verklýsingu til höfunda; gefa álit á og samþykka allt varðandi útlit bókarinnar og bókarkápu; gefa umsögn um hvern kafla. Auk þess sá formaður ritnefndar ásamt ritstjóra um samning við bókaútgáfuna Hóla.

Helstu verkefni ritstjóra voru: Semja verklýsingu fyrir höfunda; semja við höfunda um skrif; ganga eftir skilum við höfunda; lesa fyrstu próförk af hverjum kafla; sjá til þess að hver kafla bærst ritnefnd og að athugasemdir ritnefndar bærust höfundum; aðstoða höfunda við að stytta þá kafla sem voru of langir; útvega allar ljósmyndir og skopteikningar og skrifa myndatexta; ganga frá handriti til útgefanda (sem m.a. fól í sér að samræma form allra tilvísana); útvega og semja við tvo yfirlæsara; sjá til þess að athugasemdir yfirlæsara bærust höfundum og koma breyttu handriti höfunda til útgefanda; skrifa inngangskafli um embætti forsætisráðherra (og ráðherra Íslands); semja um hönnun á bókarkápu og myndrænni framsetningu á ævi- og embættisskeiði ráðherranna; fylgja

handriti eftir í prentsmiðju fyrir hönd ritnefndar og samþykka lokapróförk.

Í lok febrúar voru höfundar valdir og gert við þá munnlegt samkomulag um að skrifa kafla í bókina.

Á fundi ritnefndar þann 18. mars var verklýsing til höfunda samþykkt.

Í lok apríl og í byrjun maí var gengið formlega frá skriflegum samningum við höfunda. Samið var við flesta um að skila handriti 10. júní en sumum var veittur lengri frestur vegna sérstakra aðstæðna.

Gengið var frá samningi við bókaútgáfuna Hóla í byrjun júní um að gefa bókina út.

Um miðjan júlí höfðu flestir höfundar skilað handriti öðru sinni að fengnum ábendingum frá ritnefnd.

Í lok júlí var lokið við að brjóta um drýgstan hluta bókarinnar og við tók prófarkalestur og yfirllestur með tilliti til efnis.

Þann 21. ágúst var umbroti bókarinnar lokið.

Þann 10. september kom bókin úr prentsmiðju.

Þann 14. september var bókin gefin út við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu og afhenti formaður ritnefndar, Júlíus Hafstein, forsætisráðherra, Davíð Oddssyni, fyrsta eintakið.

Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að bókin mundi kosta um átta milljónir.

# Saga Stjórnarráðs Íslands

Árið 1999 var ákveðið, í tilefni af 100 ára afmæli Stjórnarráðs Íslands árið 2004, að láta rita framhald á sögu þess. Í framhaldi af þessari ákvörðun var skipuð ritnefnd til þess að hafa umsjón með verkinu: Björn Bjarnason, ráðherra, formaður nefndarinnar, Heimir Þorleifsson, sagnfræðingur og þáverandi forseti Sögufélagsins og Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður. Sumarliði R. Ísleifsson var síðan ráðinn ritstjóri árið eftir og til þess að rita hluta verksins. Nokkru síðar voru fimm aðalhöfundar fengnir til þess að fjalla um ákveðna hluta, þeir Ásmundur Helgason, lögfræðingur og sagnfræðingur, Jakob F. Ásgeirsson stjórn málafræðingur, Ólafur Rastrick, sagnfræðingur, Ómar H. Kristmundsson, stjórnsýslufræðingur og Sigríður Þorgrímsdóttir, sagnfræðingur. Síðar bættust við fleiri höfundar til þess að fjalla um afmarkaðri þætti.

Í framhaldi af áðurgreindu tók ritnefnd ákvarðanir um efnisskipan verksins en áður hafði ritstjóri lagt fram tillögur um það efni. Voru þær birtar í Stefnuskrá ritstjórnar í september árið 2000. Samkvæmt þeim skyldi í fyrsta bindi verksins rætt um skipulag, hlutverk og starfshætti ríkisstjórna og ráðuneyta og hvernig þessir þættir hafa breyst á tímabilinu. Í öðru og þriðja bindi stjórnarráðssögunnar er fjallað um sögu ríkisstjórna á tímabilinu frá 1964–2004

og helstu framkvæmdir þeirra og gert ráð fyrir að við ritun þessa hluta skyldu höfð til hliðsjónar nokkur af lykilhugtökum í þjóðfélagsmæðu á ofanverðri 20. öld. Höfundar annars bindisins eru Ólafur Rastrick, sagnfræðingur, og Sumarliði R. Ísleifsson, sagnfræðingur en höfundar þriðja bindisins eru Sigríður Þorgrímsdóttir, sagnfræðingur og Jakob F. Ásgeirsson, stjórn málafræðingur.

Í lok þriðja bindisins er yfirlitskafla um helstu breytingar á tímabilinu, með hliðsjón af þeim lykilhugtökum sem nefnd voru hér að framan. Einnig er gerð grein fyrir breytingum á ýmsum tölulegum stærðum tímabilsins m.a. tekjum og gjöldum ríkisins og framlögum Stjórnarráðsins til helstu málaflokka. Í lok þessa bindis er einnig skrá um alla ráðherra í Stjórnarráði Íslands frá 1964–2004, ráðuneytisstjóra og aðstoðarmenn ráðherra. Skrána tóku saman Kolbeinn Óttarsson Proppé, sagnfræðingur, og Ívar Gissurarson. Þar eru einnig heimilda-, nafna- og atriðisorðaskrár fyrir allt verkid. Sökum mikils umfangs verksins var sú ákvörðun tekin síðla árs 2003 að láta einungis fyrsta og annað bindi af Stjórnarráði Íslands 1964–2004 koma út á 100 ára afmæli Stjórnarráðsins þann 1. febrúar 2004 en þriðja bindið kemur í október 2004.

# Samstarf við sveitarfélög

Á öðrum fundi verkefnisstjórnarinnar var rætt um samstarf við sveitarfélög. Voru fundarmenn einkum með þrjú sveitarfélög í huga: Akureyri, Ísafjörð og Seyðisfjörð. Ástæðan fyrir þessu vali er sú að Hannes Hafstein var lengst af þingmaður Eyfirðinga. Hann var sýslumaður Ísfirðinga þegar hann var skipaður ráðherra Íslands 1904. Síðamalið svokallaða er eitt stærsta og umdeildasta mál sem upp kom í ráðherratið Hannesar Hafstein. Það hafði meiri áhrif á framtíð Íslands en nokkuð annað mál á fyrstu árum heimastjórnarinnar. Því þótti tilhlýðilegt að velja Seyðisfjörð þar sem sæstrengur símans kom þar að landi.

Haft var samband við bæjarstjórana Kristján Þór Júlíusson á Akureyri, Tryggva Harðarson á Seyðisfirði og Halldór Halldórsson á Ísafirði og þeim boðið samstarf um verkefni sem tengdust heima- stjórnarárunum. Öll bæjarfélögin sýndu þessu samstarfi mikinn áhuga og skipulögðu starfsmenn bæjarstjórnanna sýningar og málþing í viðkomandi bæjarfélögum. Heimastjórnarafræmislisins var því minnst í öllum landsfjórðungum.

## Nefndir og einstakir samstarfsaðilar

Til þess að koma öllum þessum viðburðum, sem á dagskrá voru, í kring var nauðsynlegt að ná góðu samstarfi við ýmsa aðila. Í tveimur tilfellum voru skipaðar nefndir til að vinna ákveðin verkefni en í öðrum tilfellum var um samstarf við einstaklinga, stofnanir eða fyrirtæki að ræða.

Önnur nefndin, sem skipuð var, sá um ritgerðasamkeppni framhaldsskólanema en hin sá um að gefa út bók um alla ráðherra og forsætisráðherra Íslands.

Í nefndinni, sem sá um ritgerðasamkeppnina, voru:

Tryggvi Gíslason, magister og fyrrverandi skóla- meistari í MA, formaður, Árni Indriðason, kennari við MR, og Sigurlaug Anna Gunnlaugsdóttir, kennari við MA.

Báðar nefndirnar unnu sjálfstætt innan þeirrar fjárhagsáætlunar sem fyrir lá. Nefndarmenn komu aðeins lítilega að kostnaðarhlið verkefnanna en allar ákvarðanir um kostnað voru í höndum formanna nefndanna, ritstjóra og framkvæmdstjóra.

Einstakir samstarfsaðilar voru margir og verður þeirra helstu getið hér: Háskóli Íslands var aðalsamstarfsaðili við framkvæmd þeirra þriggja málþinga sem voru á höfuðborgarsvæðinu. Margrét Björnsdóttir, forstöðumaður stjórnsýslufræða og stjórn mála í Háskóla Íslands, skipulagði málþingin ásamt framkvæmdastjóra og Maríu Hrund Marinósdóttur hjá „KOM- kynningu og markaði“. Þá komu prófessorarnir Eiríkur Tómasson og Ágúst Einarsson að sitt hvoru málþinginu sem haldin voru í hátíðarsal Háskóla Íslands. Kvenréttindafélag Íslands var samstarfsaðili vegna málþings um réttindabárattu kvenna og Kolbrún Jónsdóttir, forstöðumaður í Íslandsbanka, vegna málþings um atvinnubyltingu á heimastjórnarárunum fyrir hönd Íslandsbanka.

Við undirbúning og skipulagningu á ráðstefnunni í Kaupmannahöfn „Ísland – Danmörk þá og nú“ 5. mars 2004 var haft náið samstarf við sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn, forsætisráðuneytið í Kaupmannahöfn og þjóðþing beggja þjóða. Ráðstefnufyrirtækið „DIS Congress Service“ undirbjó ráðstefnuna ásamt framkvæmdastjóra. Björn Björnsson, hönnuður, sá um hönnun á öllum gögnum sem lágu fyrir á fundinum. Hann sá einnig um skipulagningu á ráðstefnusalnum svo og allt mynd- og kynningarefni sem nota þurfti á ráðstefnunni.

Hátíðardagskráin 1. febrúar 2004 var í Þjóðmenningarhúsinu. Þar voru jafnframt ýmsir aðrir viðburðir eins og t.d. kynning á útgáfu bókar um Stjórnarráð Íslands, opnun heimasíðu, afhending gjafa vegna tímamótanna, stærsta sýningin um aldamótin og heimastjórnarárin og fleira. Samstarf við starfsfólk hússins var mjög mikið og þá sérstaklega við forstöðukonuna, Guðríði Sigurðardóttur.

Björn Björnsson, hönnuður, sá um alla hönnun vegna tímamótanna. Má þar t.d. nefna hönnun á hátíðarsal Þjóðmenningarhússins vegna hátíðar-

samkomu 1. febrúar, hönnun á ráðstefnusal í Kaupmannahöfn, skipulagningu og hönnun sýningar í Jónshúsi í Kaupmannahöfn, hönnun á merki og ýmsu prentuðu máli.

Vegna íslenska leikflokksins og stórmeistaranna í skák, sem tóku þátt í hátíðarhöldum í Winnipeg og Gimli í Kanada 17. júní, voru mikil samskipti við aðalræðismannsskrifstofu Íslands í Winnipeg og sérstaklega við Atla Ásmundsson, aðalræðismann. Var þetta gert bæði til þess að minnast heimastjórnarinnar og 60 ára afmælis Lýðveldisins.

# Ýmis fylgiskjöl

# 10

## Fyrsti fundur

17. september 2003

Fundur í verkefnisstjórn um 100 ára afmæli heimastjórnar 17. september kl. 14.00. Mættir: Björn Ingi Hrafnsson(BIH), Halldór Árnason(HÁ), Illugi Gunnarsson(IG) og Júlíus Hafstein(JH).

1. JH lagði fram dagskrá í 19 liðum. Sjá meðfylgjandi.
2. Rætt um heimasíðu. JH fylgir málinu eftir.
3. Rætt um viðburði þann 1. febrúar 2004, sem er 100 ára afmælisdagurinn og verða í Þjóðmenningarhúsinu. JH skýrði undirbúninginn og jafnframt að hátíðardagskráin um kvöldið yrði í beinni útsendingu hjá RÚV.
4. Fram lögð tillaga Íslandsþósts að frímerki í tilefni afmælisins. Fundarmenn ánægðir með tillöguna. Frímerkið kemur út þann 15. janúar 2004.
5. Samþykkt að fálkamerkið frá 1904 verði „logo“ verkefnisins.
6. Rætt um málþing í Kaupmannahöfn. Gert er ráð fyrir að málþingið verði í húsnæði Íslands og fl. við Norðurbryggju. JH búinn að taka frá 5. og 12. mars 2004. Salurinn tekur um 150 manns í sæti. Dagskrá liggur ekki fyrir.
7. Samstarf við fyrirtæki og stofnanir. Fundarmenn sammála um að ræða við Seðlabanka, Íslandsbanka, Símann og Háskóla Íslands.
8. Samþykkt að fara þess á leit við Samband íslenskra sveitarfélaga að sambandið óski eftir því við sveitarfélög í landinu að 17. júní 2004 verði tileinkaður heimastjórnarafmælinu.
9. Rætt um ritgerðasamkeppni í framhaldsskólum.

10. Önnur verkefni, sem fram koma í dagskrá fundarins, verða skoðuð síðar.
11. Lögð fram ýmis gögn. Mynd af frímerkinu og umslagi því fylgjandi, lagðar fram grunnteikningar af húsinu á Norðurbryggju ásamt upplýsingum, lagðar fram grunnteikningar af 1. hæð Þjóðmenningarhússins. Lögð fram drög (drög 1) að heildardagskrá ársins.

Fundi slitið kl. 15.00

## Annar fundur

8. október 2003

Fundur í verkefnisstjórn vegna 100 ára afmæli heimastjórnar. Haldinn í forsætisráðuneytinu 8. október 2003 kl. 14.00. Mættir: IG, HÁ, og JH. BIH boðaði forföll (erlendis).

1. Fundargerð frá fyrsta fundi nefndarinnar 17. sept. 2003 lögð fram. Samþykkt.
2. Rætt um heimasíðuna. JH skýrði stöðu verkefnisins. Fundarmenn sammála um að gera síðuna myndarlega.
3. Hátíðarsamkoma í Þjóðmenningarhúsinu. JH skýrði frá stöðu mála og að hönnun og undirbúningur væri hafinn.
4. Rit um forsætisráðherra Íslands í 100 ár. Frestað.
5. Samstarf við sveitarfélög. JH skýrði frá að tillaga væri komin frá menningarmálanefnd Akureyrar og yrði hún send nefndarmönnum.
6. Rætt um málþing á Íslandi. Tillaga um að hafa málþing um Heimastjórn í þremur þáttum og að skipa verkefnisnefnd til að undirbúa. JH kemur með tillögur.
7. Málþing í Kaupmannahöfn. Málið í vinnslu.

8. Ritgerðasamkeppni framhaldsskólanna. JH skýrði frá samtölum við forsvarsmenn MR og MA og væri þar mikill áhugi á málinu. JH lagði fram aðgerðaáætlun. Samþykkt að halda áfram með tillöguna og skipa dómnefnd.
9. JH skýrði stöðu mála vegna sýningar í Jónshúsi í Kaupmannahöfn. Sýningin yrði á forræði Alþingis ef af verður.
10. Rætt um heimildarþátt í sjónvarpi. Fundarmenn sammála um að gera heimasíðuna betur en að dreifa peningum í verkefni. Töldu að slík heimildarmynd ætti að vera á kostnað RÚV.
11. Rætt um samstarfsaðila í atvinnulífinu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15.00

## Priðji fundur

14. nóvember 2003

Fundur í verkefnisstjórn heimastjórnarafmælis föstudaginn 14. nóvember. Fundurinn hófst kl. 14.00. Mættir: IG, HA og JH.

1. Lögð fram fundargerð frá fundi nr. 2, þ.e. 8. október 2003. Samþykkt.
2. Farið yfir tillögur frá Akureyri og Ísafirði. Samþykkt að styrkja verkefni.
3. Farið yfir drög að hátíðardagskrá að kveldi 1. febrúar 2004. Málið í skoðun áfram.
4. Rætt um vefinn og undirbúning að því að opna hann í lok janúar 2004. JH skýrði undirbúninginn og jafnframt að hann legði til að Birtingarholt veffirma tæki verkið að sér. Samþykkt.
5. Rætt um ræðupúlt í Þjóðmenningarhúsinu en þar er ekki nothæft ræðupúlt að mati JH. Skoða aðra möguleika.
6. Málþingið í Kaupmannahöfn. Gert er ráð fyrir því að það verði haldið 5. mars á næsta ári. Forsætisráðherrar Íslands og Danmerkur eru búnir að samþykkja, en ekkert hefur heyrst frá utanárikisráðherra. Forseti Alþingis er búinn að skrifa forseta danska þingsins um málið. JH gerir ráð fyrir að fara í 3 til 4 daga til Kaupmannahafnar þann 8. eða 9. des. n.k.
7. Ritgerðasamkeppnin er í fullum undirbúningi.

Formaður dómnefndar verður Tryggvi Gíslason, magister. Samþykkt að veita þrenn aðalverðlaun kr. 100 þúsund hver og aðrar sjö bókaviðurkenningar. JH lagði fram reglur um samkeppnina og fleira sem tengist henni. Samþykkt.

8. JH lagði til að athuga hvort Þjóðræknisfélagin í Kanada hefðu áhuga á að taka þátt í heimastjórnarafmælinu. Fundarmenn sammála um að athuga það vel.
9. Rætt um minnisgrip, fána með fálkamerkinu og fl.
10. Farið yfir heildardagskrá og fjárhagsáætlun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00

## Fjórdi fundur

6. janúar 2004

Fundur í verkefnisstjórn heimastjórnarafmælis þriðjudaginn 6. janúar 2004. Fundurinn hófst kl. 14.00. Mættir: IG, BIH, HÁ og JH.

1. Lögð fram fundargerð frá síðasta fundi þann 14. nóvember 2003.
2. Lögð fram drög að hátíðardagskrá 1. febrúar.
3. Lögð fram drög að dagskrá málþings sem haldið verður í hátíðarsal HÍ föstudaginn 6. febrúar.
4. Lögð fram drög að dagskrá ráðstefnunnar í Kaupmannahöfn þann 6. mars. Rætt um gestalista og fleira.
5. JH skýrði frá opnun heimasíðu þann 26. janúar n.k., undirbúningi, gagnaöflun og fleira.
6. Farið yfir heildardagskrá sem lá fyrir og rætt um einstaka liði hennar.
7. Minnisgripir. JH skýrði frá að verið væri að hanna barmmerki.
8. Rætt um hugsalegt samstarf við Þjóðræknisfélagin hér og í Kanada vegna afmælisins.

Fleira ekki tekið fyrir.  
Fundu slitið kl. 15.10



## Fimmti fundur

19. febrúar 2004

Fundur í verkefnisstjórn heimastjórnarafmælis haldinn fimmtudaginn 19. febrúar 2004 og hófst fundurinn kl. 14.00. á skrifstofu IG. Mættir: BIH, IG, HÁ og JH.

1. Lögð fram 4. fundaragerð frá 6. janúar. Samþykkt.
2. Rætt um yfirstaðna viðburði bæði í Reykjavík og annars staðar.
3. Rætt um málþingið í Kaupmannahöfn þann 5. mars. Allt virðist í réttum farvegi. JH skýrði einnig stöðuna með sýninguna í Jónshúsi.
4. Rætt um samstarf vegna Kanada og þá sérstaklega með 17. júní í huga. Allir fundarmenn sammál um að reyna eftir fremsta megni að koma til móts við þá dagskrá sem ræðismaðurinn hefur kynnt nefndinni. JH falið að fara yfir fjármálin með hliðsjón af því að hægt væri að koma að málinu fjárhagslega.
5. Bók um forsætisráðherra Íslands. JH lagði fram tillögu um ritnefnd og ritstjóra. Ritstjóri: Ólafur Teitur Guðnason, blaðamaður. Ritnefnd: Júlíus Hafstein, formaður, Sigurður Líndal fyrrv. prófessor, Haraldur Ólafsson fyrrv. prófessor, Ingólfur Margeirsson, rithöfundur og blaðamaður og Jakob F. Ásgeirsson, rithöfundur og blaðamaður. Stefnt að því að bókin komi út þann 15. september 2004. Samþykkt.
6. Rætt um heimasíðuna og næstu viðburði.

Fundi slitið kl. 15.10

## Hátíðardagskrá í Þjóðmenningarhúsinu

1. febrúar 2004

### Stjórnarráð Íslands 100 ára

Karлакór Reykjavíkur syngur ættjarðarlög í stigum og göngum hússins um leið og gestir koma í hús.

KL. 20.00

Hátíðin hefst – bein útsending í sjónvarpi – kynnir Gísli Marteinn Baldursson

Tónlist: Sónata fyrir fiðlu og píanó eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson. 1. kafli Allegro Moderato.  
Flytjendur: Hildigunnur Halldórsdóttir fiðla og Örn Magnússon píanó.

Flutt ljóðið Ástarjátning til Íslands eftir Hannes Hafstein. Flytjandi: Þórunn Clausen leikkona.

Ræða forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar, um stofnun Stjórnarráðs Íslands og fyrsta ráðherrann, Hannes Hafstein.

Flutt ljóðið Stormur eftir Hannes Hafstein. Flytjandi: Rúnar Freyr Gíslason, leikari.

Tónlist: Einsöngur, Gunnar Guðbjörnsson, óperusöngvari. Undirleikur: Örn Magnússon, píanó. Flutt verður Sólskrikjan, ljóð Þorsteinn Erlingsson, lag Jón Laxdal. Sofðu unga ástin mín, ljóð Jóhann Sigurjónsson, íslenskt þjóðlag í útsetningu Jóns Leifs. Sjá dagar koma, ljóð Davíð Stefánsson, lag Sigurður Þórðarson.

Þegar hátíðardagskrá er lokið verða bornar fram veitingar í sýningarsal á 4. hæð.

## Hvar liggur valdið?

6. febrúar 2004

Ráðstefna haldin í samstarfi forsætisráðuneytis og Háskóla Íslands, lagadeildar, og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála í tilefni af aldarafmæli heimastjórnar og þingræðis á Íslandi 6. febrúar 2004 í hátíðarsal Háskólans

Þegar Stjórnarráð Íslands var sett á stofn og íslenskur ráðherra, búsettur hér á landi, tók við embætti 1. febrúar 1904 var það meirihluti Alþingis sem réð því, í fyrsta sinn, hver gegndi því ráðherraembætti sem málefni Íslands heyrðu undir. Þingræðið er því jafn gamalt heimastjórninni og er efnt til ráðstefnunnar í tilefni þess. Viðfangsefni hennar er samskipti þingsins og framkvæmdarvaldsins. Hver eru áhrif þingsins á stjórnsýslu ríkisins? Hver er hlutdeild framkvæmdarvaldsins í löggjafarvaldinu? Að erindum afloknum munu fulltrúar hins pólitíska lífs velta því fyrir sér hvort valdið hafi færst frá Alþingi hin síðari ár yfir til stjórnsýslunnar eða öfugt.

## Drög að dagskrá

- 13:30 **Ráðstefnan sett**, Páll Skúlason, rektor HÍ
- 13:45 **Ávarp, Davíð Oddsson, forsætisráðherra**
- 14:00 **Þróun þingræðis í Danmörku og staða þjóðþingsins gagnvart framkvæmdavaldinu:** Jens Peter Christiansen, prófessor við Háskólann í Árósum (30 mín). Í erindinu, sem flutt verður á dönsku, mun þessi danski stjórnlagafræðingur fjalla um þróun þingræðis í Danmörku, ekki síst í ljósi þeirrar staðreyndar að minnihlutastjórnir hafa yfirleitt setið þar við völd hin síðari ár. Meðal annars mun hann ræða um breytingar á hlutverki þjóðhöfðingjans við myndun ríkisstjórna, áhrif þingsins á störf framkvæmdarvaldsins, áhrif stjórnsýslunnar á lagasetningu og önnur störf þjóðþingsins.
- 14:30 **Áhrif Alþingis á framkvæmdarvald og stjórnsýslu**, Páll Hreinsson, prófessor HÍ (15 mín).
- 14:45 **Áhrif framkvæmdarvaldsins á löggjafarvaldið**, Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor HÍ (15 mín). M.a. verður lýst frumkvæði ráðherra að lagasetningu og raunverulegum áhrifum ráðuneyta og annarra á hana.
- 15:00 Kaffihlé
- 15:25 **Pallborðsumræður: Hvar liggur hið pólitíska vald? Hafa völdin færst frá Alþingi til stjórnsýslunnar hin síðari ár – eða öfugt?**  
Inngangur: Ólafur Stephensen aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins ( 10–15 mín). Þátttakendur auk hans: Birgir Ármannsson, alþm., Bryndís Hlöðversdóttir, alþm., Jónína Bjartmarz, alþm., Margrét Sverrisdóttir varaalþm. og Steingrímur J. Sigfússon, alþm.  
Umræðustjóri: Björg Thorarensen, prófessor.
- 16:25 **Lokaorð**, Eiríkur Tómasson, prófessor og deildarforseti HÍ.
- 16:40 Móttaka og léttar veitingar fyrir framan hátíðarsalinn.  
Ráðstefnustjóri: Ólafur Þ. Harðarson, prófessor og deildarforseti HÍ

## Málþing í Möðruvallakirkju

### 14. febrúar 2004

Málþingið hefst kl. 13.30 og verður haldið í Möðruvallakirkju.

Fundarstjóri verður Þorlákur Axel Jónsson, kennari við Menntaskólann á Akureyri.

Það verða þrír fyrirlesarar:

Björn Teitsson, kennari við MA og fyrrum skóla-meistari Menntaskólans á Ísafirði, mun flytja erindi um aðdragandann að heimastjórninni.

Bjarni Guðleifsson, náttúrufræðingur á Möðruvöllum, mun fjalla um æsku Hannesar og um æskuheimili hans, Möðruvelli

Páll Valsson, útgáfustjóri Máls og Menningar, mun fjalla um skáldið Hannes.

Boðið verður upp á kaffiveitingar í hléi á prestssetrinu.

## Hvar er jafnréttið?

### 17. mars 2004

Málþing í Salnum í Kópavogi þann 17. mars í tilefni af 100 ára afmæli heimastjórnar, haldið í samstarfi forsætisráðuneytis, Kvenréttindafélags Íslands og Háskóla Íslands, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.

Markmið málþingsins er að bregða ljósi á stöðu kvenna við upphaf heimastjórnar, en á tímabilinu 1904–1918 fengu konur kosningarétt og kjörgengi til sveitarstjórna og Alþingis og rétt til menntunar og embætta. Jafnframt verður farið yfir helstu áfanga í réttindabaráttu kvenna síðustu 100 árin. Fjallað verður um stöðu kvenna í samtímanum og þess freistað að skilgreina hvað gera þurfi til þess að fullt jafnrétti náist. Hvað skortir á til þess að fullu jafnrétti verði náð?

Barátta kvenna fyrir jafnrétti hefur oft verið skilgreind þannig að fyrstu áratuginu hafi hún beinst að því að breyta lögum þannig að þau tryggðu

konum sömu réttindi og körlum (fyrsta bylgjan svokallaða um aldamótin 1900). Þegar í ljós kom, að það var ekki nóg, beindu konur sjónum m.a. að sjálfum sér, þær þyrftu að „breyta sér“, sækja sér aukna menntun, aukin völd auk þess sem sjónum var beint að samfélagsgerðinni (m.a. Rauðsokka-hreyfingin). Á níunda áratugnum færðist áherslan yfir á reynsluheim og sérstöðu kvenna sem m.a. birtist í sérframboðum kvenna en það var aðferð til þess að koma konum til valda. Síðustu árin hefur sjónum verið beint að báðum kynjum og leiða leit að til þess að flétta kynjasjónarhorn inn í alla ákvarðanatöku (samþætting). Þar er litið svo á að horfa þurfi til allra þátta hins félagslega umhverfis, hefða, vinnubragða, menningar fyrirtækja, væntinga stjórnenda og samstarfsfólks o.fl.

Á málþinginu er því spurt: Hvaða félagslegu og huglægu þættir eru það sem standa í vegi fyrir fullri þátttöku íslenskra kvenna á öllum sviðum samfélagsins? Hvað þurfa stjórnvöld, fyrirtæki, konur sjálfar og karlar að gera? Hvernig gæti sameiginleg aðgerðaáætlun þeirra litið út?

Málþingsstjóri: Stefanía K. Karlsdóttir, rektor Tækniháskóla Íslands.

- 14.00–14.15 **Ávarp.** Árni Magnússon, félagsmálaráðherra og ráðherra jafnréttismála
- 14.15–14.30 **Staða íslenskra kvenna við upphaf heimastjórnar.** Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðingur og sérfræðingur hjá Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands
- 14.30–14.45 **Réttindi kvenna, bautasteinar baráttunnar, stöðumat.** Lára V. Júlíusdóttir hrl., lektor við Háskóla Íslands og f.v. form. Kvenréttindafélags Íslands
- 14.45–15.10 Kaffi
- 15.10–15.40 **Horft fram á veginn.** Birna Anna Björnsdóttir, rithöfundur og blaðamaður. Hildur Jónsdóttir, jafnréttisráðgjafi hjá Reykjavíkurborg. Hjörtur Magni Jóhannsson, Fríkirkjuprestur
- 15.40–16.30 **Hvernig ljúkum við málinu? Hvernig getur aðgerðaáætlun litið út?** Pallborðsumræður: Inngang flytur

Sigríður Árnadóttir, fréttastjóri Stöðvar 2, sem einnig stýrir umræðum. Þátttakendur: Ágúst Ólafur Ágústsson, alþingismaður, Bjarni Benediktsson, alþingismaður, Hulda Dóra Styrmisdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsbanka. Katrín Anna Guðmundsdóttir, talsmaður Feministafélags Íslands. Þorbjörg Inga Jónsdóttir, hrl., formaður Kvenréttindafélags Íslands

Gert er ráð fyrir að málþinginu ljúki um kl. 16.30 með léttum veitingum og tónlist.

## Sýning í Jónshúsi

opnar 4. mars 2004

Í tilefni 100 ára afmælis heimastjórnar hefur Alþingi ákveðið að endurbæta að nokkru þá sýningu sem uppi er í Jónshúsi í Kaupmannahöfn en hún fjallar fyrst og fremst um Jón Sigurðsson, ævi hans og störf.

Aukið verður við sýninguna umfjöllun um sjálfstæðisbaráttuna að Jóni Sigurðssyni gengnum og stærstu áfangana sem síðar unnust; heimastjórn 1904, fullveldi 1918 og loks stofnun lýðveldis 1944.

Enn fremur verður sett upp lítil sýning um Ingi-björgu, eiginkonu Jóns Sigurðssonar, og þátt hennar í heimilishaldi við Austurveg, og verður hún í því herbergi sem kallað hefur verið „eldhús Ingibjargar“. Þar hefur vinnuherbergi fræðimanns verið undanfarin ár en það flyst nú til í húsinu.

Þá verða munir úr Safni Jóns Sigurðssonar, sem Þjóðminjasafn Íslands varðveitir, hafðir til sýningar í Jónshúsi.

Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur, semur nýja sýningartexta og Björn G. Björnsson hannar útlit sýningarinnar.

Jafnframt verður húsnaðið allt málað og lagfært á ýmsan hátt, bókasafn og önnur starfsemi flutt til og lagað að breyttum kröfum.

## Málþing í Kaupmannahöfn

5. mars 2004

### Hundrað ár frá heimastjórn – Danmörk og Ísland þá og nú

- 09.00 Skráning og afhending gagna
- 10.00 **Ávarp**  
Hr. Þorsteinn Pálsson, sendiherra Íslands í Danmörku
- 10.05 **Setning**  
Hr. Halldór Blöndal, forseti Alþingis  
Hr. Christian Mejdahl, forseti danska þjóðþingsins
- 10.20 **Ræður**  
Hr. Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur  
Hr. Davíð Oddsson, forsætisráðherra Íslands
- 10.50 Kaffihlé
- 11.10 **Var farið rétt að?** Lagasetning um samband Íslands við Danmörku á 19. öld og byrjun 20. aldar; stöðulögin 1871, stjórnarskráin 1874, heimastjórn 1904, fullveldi 1918.  
Prófessor Henrik Zahle  
Prófessor Sigurður Líndal  
Fyrirspurnir úr sal í 10 mín.
- 11.50 **Samstarf þjóðþinganna þá og nú.** Lagasetning og samskipti þjóðþinganna um og eftir aldamótin 1900. Samskipti danska þjóðþingsins og Alþingis á nýrri öld.  
Hr. Christian Mejdahl, forseti danska þjóðþingsins  
Hr. Halldór Blöndal, forseti Alþingis  
Fyrirspurnir úr sal í 10 mín.
- 12.30 Hádegisverður
- 13.40 **Sjáum við söguna í réttu ljósi?** Samskipti Íslendinga og Dana í Kaupmannahöfn á 19. öld og byrjun 20. aldar. Afstaða Dana til Íslendinga og Íslendinga til Dana.  
Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur  
Prófessor Kirsten Hastrup  
Fyrirspurnir úr sal í 10 mín.
- 14.20 **Hafa Danir og Íslendingar týnt hvorir öðrum?** Samband Dana og Íslendinga fyrr og nú. Hvernig má efla samskipti þjóðanna?  
Johannes Møllehave, rithöfundur og prestur

Auður Hauksdóttir, dósent við Háskóla Íslands

Fyrirspurnir úr sal í 10 mín.

- 15.00 **Pallborðsumræður**  
Fr. Siv Friðleifsdóttir, samstarfsráðherra Norðurlanda  
Hr. Bertel Haarder, ráðherra innflytjenda og flóttamanna
- 15.50 **Þingslit**  
Að lokinni dagskrá, kl.16.15, er móttaka í sendiráði Íslands.  
Málþingið verður í húsnæði Íslands, Færeyja og Grænlands við Norðurbryggju. Samstarfsaðili í Kaupmannahöfn, DIS Congress Service, sími 0045.4492.4492.

## 100 ára heimastjórnarafmæli á Seyðisfirði

11. júní 2004

Dagskrá:

- 10:15 Hleypt verður af fallbyssu bæjarins við Gömlu símstöðina í tilefni dagsins
- 10:30 Sýningin Innreið nútímans opnuð í Tæknimínjasafni Austurlands af Rannveigu Rist, stjórnarformanni Símans
- 13:30 Síamálið og heimastjórnin – Málþing
1. Setning málstefunnar: Tryggvi Harðarson, bæjarstjóri á Seyðisfirði
  2. Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, flytur ávarp
  3. Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans flytur erindi um fjarskipti og komu sæsímastrengs til Seyðisfjarðar
  4. Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur, heldur erindi um heimastjórnartímann og tækninýjungarnar
- 15:00 Kaffi – skemmtiatriði
- 15:30 Framsögumenn og forstöðumaður Tæknimínjasafnsins taka þátt í panelumræðum

## Atvinnubylting Íslendinga í upphafi heimastjórnar og áhrif hennar á 21. öldinni

10. september 2004

Málþing í hátíðarsal Háskóla Íslands 10. september í tilefni af 100 ára afmæli heimastjórnar, haldið í samstarfi forsætisráðuneytis, Íslandsbanka, Háskóla Íslands og viðskipta- og hagfræðideildar HÍ

Á málþinginu verður fjallað um þær miklu framfarir í atvinnumálum sem urðu í upphafi 20. aldar og metið hvaða lærdóm megi draga af þeim fyrir íslenskt atvinnulíf í upphafi 21. aldar.

- 13.30–13.40 Setning  
Málþingsstjóri: Ágúst Einarsson, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands
- 13.40–14.00 **Hverjar voru helstu framfarir í atvinnumálum á heimastjórnartímabilinu?**  
Jón Þ. Þór, sagnfræðingur

- 14.05–14.20 **Hvaða þýðingu hafði opnun Íslandsbanka árið 1904 fyrir atvinnulífið?**  
Einar Sveinsson, formaður bankaráðs Íslandsbanka
- 14.20–14.35 **Lagði sjávarútvegur grunninn að velmegun 20. aldarinnar?**  
Jón Páll Halldórsson, fyrrverandi forstjóri Norðurtangans á Ísafirði
- 14.40–15.10 Kaffi og meðlæti
- 15.10–15.25 **Mun þéttbýlismyndun 20. aldar halda áfram á 21. öldinni?**  
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga
- 15.25–15.40 **Menntun og atvinnusköpun**  
Berglind Ásgeirsdóttir, sendiherra og aðstoðarforstjóri OECD
- 15.40–15.55 **Frá heimastjórn til hnattvæðingar. Hvað er framundan?**  
Jón Sigurðsson, bankastjóri Norræna fjárfestingarbankans (NIB) og fyrrverandi ráðherra
- 16.15 Léttar veitingar

# Heimastjórn á Íslandi – 100 ára afmæli

## Fjárhagsyfirlit

Fjárheimild nefndar um heimastjórn á Íslandi er samtals 58,5 m.kr. fyrir árin 2003 og 2004. Í fjárlögum 2004 eru veitt 49 m.kr. framlag og 8 m.kr. í fjárakalögum 2003. Þá lögðu forsætisráðherra og utanríkisráðherra fram samtals 1,5 m.kr. af eigin ráðstöfunarfé til að mæta útgjöldum í tengslum við hátíðardagskrá og viðburði á slóðum Vestur-Íslendinga í Kanada.

Útgjöld vegna dagskrár og viðburða heimastjórnarafmælis sundurliðast samkvæmt eftirfarandi:

Verkefni	fjárhæð þús. kr.
Umsjón	12.131
Sýning í Þjóðmenningarhúsi	12.000
Hátíðardagskrá 1. febrúar í Þjóðmenningarhúsi	2.948
Kvöldverður í Iðnó	2.031
Rit um ráðherra Íslands og forsætisráðherra	7.958
Ritgerðarsamkeppni framhaldsskóla	455
Samstarfsverkefni við sveitarfélög	1.500
Málþing o.fl.	8.776
Heimasíða	3.680
60 ára lýðveldisafmæli	3.571
Ýmislegt	3.964
<b>Samtals</b>	<b>59.014</b>

Kostnaður fór 0,5 m.kr. eða 0,88% fram úr fjárhagsáætlun.

Kostnaðaryfirlit er tekið saman skv. upplýsingum úr bókhaldi, en sá fyrirvari er gerður að kostnaður vegna einstakra verkliða er áætlaður þar sem endanlegt reikningsuppgjör allra þátta liggur ekki fyrir.

# Fjölmiðlar

# 12

Í nóvember 2003 var hafist handa með að skipuleggja samskipti við fjölmiðla í tilefni 100 ára afmælis heimastjórnar. Áhersla var lögð á greiða leið upplýsinga til fjölmiðla og gott samstarf. Jafnframt var óskað eftir víðtækri umfjöllun í dagblöðum, tímaritum og ljósvakamiðlum.

Leitað var eftir samstarfi við öll helstu fjölmiðlaútgáfufélög landsins og er óhætt að fullyrða að undantekningalaust hafi allir verið áhugasamir um afmælishátíðina. Framkvæmdastjóri verkefnisins heimsótti, ásamt kynningarfulltrúa, helstu fjölmiðlana og kynntu þeir dagskrána. Þetta mæltist vel fyrir og var allt samstarf við ritstjórnir hnökralaust.

Almennt má segja að fjölmiðlar hafi sinnt umfjöllun um 100 ára afmælið af kostgæfni. Þó verður ekki fram hjá því litið að deilur, sem forseti Íslands hratt af stað, settu mark sitt á afmælishátíðina og umfjöllun fjölmiðla. Því má segja að dægurþras hafi náð að yfirgnæfa merkan kafla í sögu þjóðarinnar a.m.k. hjá einstökum fjölmiðlum.

- **Ríkisútvarpið** – sjónvarp og hljóðvarp – var mjög áhugasamt um afmælið; sinnti einstökum viðburðum vel í fréttum og umræðuþáttum í útvarpi og sjónvarpi; var með sérstaka afmælis dagskrá og beina útsendingu að kvöldi 1. febrúar og sendi fréttamann til Kaupmannahafnar til þess að fjalla um ráðstefnu þjóðanna þann 5. mars 2004. **Rás 1** hefur útvarpað upptökum frá málþingum og **Rás 2** hefur verið með umræður um hátíðarhöldin.

- **Morgunblaðið** hefur sinnt afmælinu af mikilli kostgæfni bæði í fréttum og í almennum skrifum um einstaka viðburði. Þá gaf Morgunblaðið út sérstakan áttblöðung þann 1. febrúar í tilefni dagsins og var blaðið sérlega vandað og glæsilegt. Var Morgunblaðið eini prentmiðillinn sem gaf út sérstakt blað í tilefni tímamótanna.
- **Fréttablaðið** og **DV** voru með ágæta umfjöllun í fréttum og greinum en eftir að pólitik komst í spilið var áberandi að áhugi og efnisleg umfjöllun minnkaði en í stað þess tók dægurþrasstíllinn við.
- **Stöð 2** og **Bylgjan** sinntu afmælinu í fréttum. **Ísland í dag** og **Ísland í bítíð** voru með umræður um hátíðarhöldin. Dægurmálaþáttur Bylgjunnar – **Reykjavík síðdegis** – sinnti einstökum dagskrárlíðum.
- **Tímarit** hafa fjallað um atburðina í máli og myndum, m.a. var umfjöllun á ensku.
- **Héraðsblöð**, einkum **Bæjarins besta** á Ísafirði, sinnti einstökum viðburðum úti á landi af kostgæfni.

# Fjölmiðlavaktin – fjölmiðlaúttekt

# 13

## 100 ára afmæli Heimastjórnar

**Greining á umfjöllun fjölmiðla**

Október 2003 - september 2004

FJÖLMIÐLAVAKTIN EHF.

Skýrsla þessi og innihald hennar er eingöngu til innanhússnota hjá því fyrirtæki eða þeim einstaklingi sem hana keypti. Öll opinber birting eða dreifing er óheimil án skriflegs leyfis Fjölmiðlavaktarinnar.

Þess ber vandlega að gæta, að farið verði með upplýsingar um þau fyrirtæki, sem tekin eru til samanburðar við það fyrirtæki sem óskar eftir könnun, sem trúnaðarmál, og að þær berist ekki til annarra aðila en þeirra sem óskað hafa eftir viðkomandi könnun. Jafnframt er því fyrirtæki óheimilt að birta upplýsingar um samanburðarfyrirtækin á nokkurn hátt.

Allur réttur áskilinn: © Fjölmiðlavaktin ehf.

**Fjölmiðlavaktin**  
er aðill að Credit Info Group



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Helstu niðurstöður .....	4-5
Heildarumfjöllun í prentmiðlum .....	6
Próun.....	6
Heildarumfjöllun í ljósvakamiðlum .....	7
Próun.....	7
Heildarumfjöllun skipt eftir mánuðum .....	8
Próun.....	8
Hvar birtist greinin í prentmiðlum .....	9
Próun.....	9
Málefni .....	10
Próun.....	10
Í hverja var oftast vitnað .....	11
Próun.....	11
Niðurstöður umfjöllunar .....	12
Próun.....	12
Niðurstaða umfjöllunar um Heimastjórn, skipt eftir prentmiðlum .....	13
Niðurstaða umfjöllunar um Heimastjórn, skipt eftir ljósvakamiðlum .....	13
Myndbirtingar.....	14
Próun.....	14
Uppruni umfjöllunar um Heimastjórn.....	15
Próun.....	15
Niðurstaða umfjöllunar um Heimastjórn, skipt eftir hópum.....	16

## Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er að finna niðurstöður greiningar á umfjöllun um afmæli Heimastjórnar í prent - og ljósvakamiðlum. Greind var umfjöllun fjölmiðla á tímabilinu október 2003 til september 2004.

Greiningin er unnin á þann hátt að allar greinar og fréttir sem birst hafa um tiltekið efni eru greindar eftir því hvort um jákvætt, neikvætt eða hlutlaust yfirbragð greinar/fréttar er um að ræða, tíðni umfjöllunar er greind, málefni, fjöldi tilvitnana, uppruni og fleira.

Skýrslan er sett fram á myndrænan hátt og eru skýringartextar þar sem það á við.

Þeir fjölmiðlar sem notaðir voru við greininguna voru Morgunblaðið, DV, Fréttablaðið, Viðskiptablaðið, landsmálablöð, tímarit, aðalfréttatímar Bylgjunnar kl. 8.00, 12.00 og 16.00, Ríkisútvarpsins kl. 8.00, 12.00 og 18.00, Stöðvar 2 kl. 18.30 og Sjónvarpsins kl. 19.00 og 22.00. Heildarfjöldi prentmiðla sem stuðst var við er um 100 talsins.

**Rannsóknin nær til 549 fréttar/greina, 446 greina í prentmiðlum og 103 fréttar í ljósvakamiðlum.**

Í þeirri greiningu sem hér um ræðir er stuðst við eftirfarandi vinnureglur:

- Grein eða frétt er metin jákvæð, ef rannsakandinn telur að hún skapi jákvætt viðhorf hjá lesendum eða áhorfendum, varðandi þá umfjöllun sem hér um ræðir, þ.e. umfjöllun um Heimastjórn. Hann skoðar hana út frá því hvort greinin eða fréttin sé líkleg til að ýta undir jákvæða ímynd afmælishátíðarinnar sem greind voru í hugum lesenda, hlustenda og áhorfenda.
- Grein eða frétt er metin hlutlaus, ef ekki eru taldar líkur á að hún skapi jákvætt eða neikvætt viðhorf gagnvart því viðfangsefni sem greind voru við lestur hennar, hlustun eða áhorf.
- Grein eða frétt er metin neikvæð ef hún er talin líkleg til að skapa neikvætt viðhorf gagnvart því viðfangsefni sem rannsakað er. Á sama hátt er fréttin eða greinin metin neikvæð ef líklegt er að hún ýti undir neikvæða ímynd þeirra viðfangsefna sem greind voru í hugum lesenda, hlustenda eða áhorfenda.

**Reykjavík 11.10. 2004**

Skýrsluna unnu sérfræðingar hjá Fjölmiðlavaktinni,

Magnús Heimisson og Erla Kristín Bjarnadóttir.

## Helstu niðurstöður

Rannsóknin nær til 549 fréttar/greina um Heimastjórn, 446 greina í prentmiðlum og til 103 fréttar í ljósvakamiðlum.

Morgunblaðið er með 38,1% hlutdeild af heildarumfjöllun prentmiðla, DV 28,5%, Fréttablaðið 22,4%, landsmálablöð 6,5%, Viðskiptablaðið 2,9% og tímarit með 1,6%. Sjá nánari sundurliðun á bls. 5 ásamt þróunarmyndum.

Mest umfjöllun ljósvakamiðla var í Ríkisútvarpinu, eða 38,8% af heildarumfjöllun ljósvakamiðla. Sjónvarpið 34,0% , Stöð 2 18,4% og Bylgjan 8,7%.

Mest var umfjöllunin á tilteknu tímabili í febrúar, eða 38,3% af heildarumfjöllun. Sjá nánari sundurliðun á bls. 8 ásamt þróunarmynd.

Greinar í prentmiðlum voru oftast í formi fréttar, eða 59,4% af heildarumfjöllun prentmiðla. Fastur dálkur kom fyrir í 17,3% tilvika og aðsendar greinar í 16,1% tilvika. Sjá nánari sundurliðun á bls. 9 ásamt þróunarmyndum.

Helstu málefni sem komu við sögu á tilteknu tímabili er umfjöllun tengd viðburðum eða 27,7% af heildarumfjöllun og umfjöllun tengd forsetaembættinu mældist 25,1% af heildarumfjöllun.

Sjá nánari sundurliðun á bls. 10 ásamt þróunarmyndum.

Oftast var vitnað í Davíð Oddsson, eða í 36,1% tilvika (65 tilvitnanir). Sjá nánari sundurliðun á bls. 11 ásamt þróunarmynd.

### Niðurstöður umfjöllunar um Heimastjórn: Tímabil; Október '03 - september '04

Jákvætt yfirbragð fréttar/greinar (186 fréttir/greinar)	33,9%
Hlutlaust yfirbragð fréttar/greinar (217 fréttir/greinar)	39,5%
Neikvætt yfirbragð fréttar/greinar (146 fréttir/greinar)	26,6%

**Þetta merkir að 33,9% fréttar/greina um Heimastjórn hefur jákvætt yfirbragð, 39,5% hlutlaust og 26,6% neikvætt af heildarumfjöllun prent - og ljósvakamiðla.**


Uppruni umfjöllunar fjölmiðla um Heimastjórn var einnig greindur í sex flokka, þ.e. hvaðan umfjöllunin var. Tilgangurinn með því var að greina hvaða hópar það eru sem fjalla oftast um málefni tengd Heimastjórnarafmælinu á tilteknu tímabili. Sundurliðun á þeim niðurstöðum koma fram á bls. 15.

1. Almenn umfjöllun. Ekki rætt við neinn eða vísað til neins í frétt eða grein. 40,8% af heildarumfjöllun.
2. Almennigur - aðrir hópar. 25,5% af heildarumfjöllun.
3. Alþingismenn. 22,0% af heildarumfjöllun.
4. Opinberir aðilar og fulltrúar stofnana og samtaka. 17,1% af heildarumfjöllun.
5. Sveitarstjórnarmenn. 2,4% af heildarumfjöllun.\*


**\*Ástæða þess að samtala heildarumfjöllunar frá ofangreindum flokkum er hærri en 100% er sú að í einstaka tilvikum var rætt við fleiri en einn aðila í sömu frétt/grein.**

### Heildarumfjöllun í prentmiðlum. Fjöldi greina


Prentmiðill	Tíðni	Hlutfall
MBL	170	38,1%
DV	127	28,5%
Fréttabl.	100	22,4%
Landsmábl.	29	6,5%
Viðskiptabl.	13	2,9%
Tímarit	7	1,6%
<b>Samtals</b>	<b>446</b>	<b>100%</b>



### Þróun umfjöllunar í helstu prentmiðlum - hlutfallstölur.




### Þróun umfjöllunar í helstu prentmiðlum - rauntölur.




### Heildarumfjöllun í ljósvakamiðlum. Fjöldi fréttu


Ljósvakamiðlar	Tíðni	Hlutfall
RÚV	40	38,8%
Sjónvarpið	35	34,0%
Stöð 2	19	18,4%
Bylgjan	9	8,7%
<b>Samtals</b>	<b>103</b>	<b>1</b>



### Þróun umfjöllunar í ljósvakamiðlum - hlutfallstölur.






### Þróun umfjöllunar í ljósvakamiðlum - rauntölur.



**Skipting  
heildarumfjöllunar eftir  
mánuðum. Fjöldi fréttá/  
greina okt.2003-sept.  
2004**


Mánuður	Tíðni	Hlutfall
Október	6	1,1%
Nóvember	2	0,4%
Desember	6	1,1%
Janúar	68	12,4%
Febrúar	210	38,3%
Mars	83	15,1%
Apríl	13	2,4%
Mái	23	4,2%
Júní	51	9,3%
Júlí	11	2,0%
Ágúst	25	4,6%
September	51	9,3%
<b>Samtals</b>	<b>549</b>	<b>100,0%</b>

**Þróun umfjöllunar milli  
mánaða. Október 2003-  
september 2004-  
hlutfallstölur.**




### Hvar birtist greinin í prentmiðlum.


Hvar birtist greinin	Tíðni	Hlutfall
Fréttir	265	59,4%
Fastur dálkur	77	17,3%
Aðsendar greinar	72	16,1%
Forystugrein	14	3,1%
Fréttaskýring	11	2,5%
Viðtal	7	1,6%
<b>Samtals</b>	<b>446</b>	<b>96,0%</b>



### Þróun fréttá, aðsendra greina og fastra dálka - hlutfallstölur.




### Þróun fréttá, aðsendra greina og fastra dálka - rauntölur.






### Helstu málefni.


Málefni	Tíðni	Hlutfall
Viðburðir á Heimast.afmæli	152	27,7%
Um fj. tengd forsetaembættinu	138	25,1%
Almenn umfjöllun	103	18,8%
Bækur og bókaútgáfa	82	14,9%
Söguleg umfjöllun	59	10,7%
Stjórnsýsla	15	2,7%
<b>Samtals</b>	<b>549</b>	<b>100%</b>



### Þróun þriggja málefna - hlutfallstölur.




### Þróun þriggja málefna - rauntölur.




### Helstu tilvitnanir einstaklinga.


Tilvitnun	Tíðni	Hlutfall
Davíð Oddsson	65	36,1%
Ólafur Ragnar Grímsson	38	21,1%
Július Hafstein	22	12,2%
Haldór Blöndal	12	6,7%
Össur Skarphéðinsson	8	4,4%
Aðrir	35	19,4%
<b>Samtals</b>	<b>180</b>	<b>100%</b>



### Þróun tilvitnana - hlutfallstölur




### Þróun tilvitnana - rauntölur.




**Niðurstöður umfjöllunar um Heimastjórn. Yfirbragð fréttar/greinar**


Niðurstöður	Tölur	Hlutfall
Jákvætt	186	33,9%
Hlutlaust	217	39,5%
Neikvætt	146	26,6%
<b>Samtals</b>	<b>549</b>	<b>100%</b>




**Þróun umfjöllunar um Heimastjórn - hlutfallstölur.**




**Þróun umfjöllunar um Heimastjórn - rauntölur.**



**Niðurstaða umfjöllunar um Heimastjórn skipt eftir prentmiðlum. Yfirbragð fréttar/greinar**



**Niðurstaða umfjöllunar um Heimastjórn skipt eftir ljósvakamiðlum. Yfirbragð fréttar/greinar**





## Myndbirtingar í prentmiðlum í tengslum við Heimastjórn.


Myndbirtingar	Tíðni	Hlutfall
Davíð Oddsson	53	31,2%
Ólafur Ragnar Grímsson	39	22,9%
Július Hafstein	16	9,4%
Halldór Ásgrímsson	11	6,5%
Halldór Blöndal	9	5,3%
Aðrir	42	24,7%
<b>Samtals</b>	<b>170</b>	<b>100%</b>

ATH: Hér eru hlutföll reiknuð út frá heildarfjölda mynda á tilteknu tímabili, eða 170.

## Þróun myndbirtinga - hlutfallstölur.




## Þróun myndbirtinga - rauntölur.




### Uppruni umfjöllunar um Heimastjórn. Hlutdeild hvers hóps.

Uppruni	Tíðni	Hlutfall
Almenn umfjöllun	224	40,8%
Almenningur-aðrir hópar	140	25,5%
Alþingismenn	121	22,0%
Opinberir aðilar	94	17,1%
Sveitarstjórnarmenn	13	2,4%


ATH: Hér eru hlutföll reiknuð út frá heildarfjölda fréttu/greina á tilteknu tímabili, eða 549.




### Þróunarmynd - hlutfallstölur.



### Þróunarmynd - rauntölur.



Niðurstaða umfjöllunar um Heimastjórn greind eftir uppruna umfjöllunar. Fjöldi fréttágreina- jákvætt, hlutlaust og neikvætt yfirbragð umfjöllunar.



# Lokaorð framkvæmdastjóra

Undirbúningur fyrir 100 ára afmæli heimastjórnar á Íslandi hófst á miðju ári 2003. Þeirri vinnu lýkur með þessari skýrslu og kostnaðaruppgjöri nú í október 2004. Á þessari stundu liggja flest allar upplýsingar fyrir um afmælishaldið, það er framkvæmd verksins, fjölda viðburða, heildarkostnað og annað sem varðar málið.

Fullyrða má að heimastjórnarafmælið tókst mjög vel. Skipulagðir viðburðir af hálfu framkvæmdastjóra og verkefnisnefndar voru tæplega 30 talsins og náðu um mest allt land og auk þess bæði til Danmerkur og Kanada. Almenn umfjöllun í fjölmiðlum, fréttum og ýmsu tengdu fréttum, var vel á sjötta hundrað og eru þá sérstakir viðtalsþættir eins og t.d. Kastljós, Í vikulokin o.fl. ekki taldir með. Verður ekki annað sagt en að umfjöllun um atburði heimastjórnarafmælisins frá því í byrjun janúar til loka september verði að teljast mjög góð. Meginhluti umfjöllunarinnar var á jákvæðum nótum og að mestu fagleg og vönduð þar sem málefni líðandi stundar fékk að njóta vafans en þó er ekki hægt að leynd því að umfjöllun um fjarveru forseta Íslands þann 1. febrúar 2004 setti dapprari svip á hátíðleikann en flestir hefðu kosið. Þann dag voru 100 ár síðan Íslendingar fengu heimastjórn, Stjórnarráð Íslands stofnað, íslenskur maður varð ráðherra og raun má segja að íslensk ríkisstjórn hafi orðið til. En við því var ekkert að gera þar sem forsetinn hafði alllöngu áður ákveðið vera í einkaerindum erlendis.

Í samantekt Fjölmiðlavaktarinnar ehf, sem fylgir þessari skýrslu, kemur í ljós með hvaða yfirbragði umfjöllunin var. Það er mat Fjölmiðlavaktarinnar að um 75% af allri umfjölluninni hafi verið jákvæð eða hlutlaus og nær sú umfjöllun yfir allan þann tíma sem viðburðirnir áttu sér stað. Neikvæð umfjöllun, sem fjölmiðlavaktin telur vera um 25% af heildinni, tengist að mestu fjarveru forsetans um og eftir 1.

febrúar þegar handhafar forsetavalds boðuðu til ríkisráðsfundar að honum fjarstöddum. Lesa má út úr samantekt Fjölmiðlavaktarinnar hvernig þessi umfjöllun skiptist á milli fjölmiðla bæði hvað varðar magn og hvenær umfjöllunin var í viðkomandi fjölmiðli.

Hjá einstökum aðilum var reynt að þyrlla upp moldviðri vegna útgáfu á bókinni „Forsætisráðherrar Íslands-ráðherrar Íslands og forsætisráðherrar í 100 ár“. Þeir sem það reyndu höfðu vart erindi sem erfiði því þegar þetta er ritað, 12. október, hefur bókinni verið söluhæst hjá flestum þekktustu bóka-verslunum landsins þann tæpa mánuð frá því að hún kom út. Einstök ummæli voru afar sérstök, svo ekki sé meira sagt. Ritstjóri nokkur lét þau orð falla í spjallþætti að „þetta væri vond bók en þarft verk og skemmtileg aflestrar“. Svo mörg voru þau orð.

Um það má deila hvort ástæða sé til að minnst stærstu sigra í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og líta með vanþóknun á afmælishald eins og það sem hér um ræðir. Skoðanaskipti er einn stærsti þáttur lýðræðisins. En Alþingi og ríkisstjórn var ekki í vafa og flestir líta sögulega viðburði eins og stofnun Alþingis, endurreisn Alþingis, heimastjórn og fengið fullveldi þann 1. desember 1918 þannig augum, að slíkum stórvíðburðum í sögu og menningu þjóðarinnar eigi að minnst myndarlega og með hátíðleik. Hefur ekki skipt máli hverjir hafa staðið í stafni þjóðarskútunnar. Merkustu tímamótunum hefur jafnan verið gerð góð skil.

Hér skal bent á að önnur hátíðarhöld eins og t.d. 1000 ára afmæli Alþingis 1930, stofnun lýðveldisins á Þingvöllum 1944, hátíðin vegna 1100 ár afmælis Íslandsbyggðar 1974, 50 ára lýðveldishátíðin 1994 og Kristnihátíð árið 2000. Öllum þessum merku tímamótum í sögu þjóðarinnar voru gerð afar góð skil og miklu meira í lagt en heimastjórnarafmælið.



Það var minna í sniðum en náði þrátt fyrir það vel til þjóðarinnar og mega því þeir sem ákváðu að minnast þessara tímamóta vera ánægðir með hvernig til tókst.

Þessi skýrsla greinir frá því sem gert var, hvar og hvenær. Sagt er frá hverjum viðburði og nokkuð meira um þá viðburði sem meira var í lagt. Þá fylgja skýrslunni nokkrar dagskrár í þeim tilfellum sem þær lágu fyrir á hverjum tíma.

Kostnaðaruppgjör, eins og það liggur fyrir um miðjan október, fylgir hér einnig og er þar búið að taka tillit til þess kostnaðar sem fellur á verkefnið næstu vikurnar.

Jafnframt fylgir skýrslunni samantekt Fjölmíðlavaktarinnar þar sem fram kemur ýmislegt er varðar umfjöllun fjölmíðla.

Að lokum vill framkvæmdastjóri koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem tóku þátt í að undirbúa og skipuleggja 100 ára heimastjórnarafræmlið. Sérstakar þakkir eru til nánustu samstarfsmanna í verk-

efnisstjórninni þeirra Björns Inga Hrafnssonar, Illuga Gunnarssonar og Halldórs Árnasonar en samstarfið við nefndarmenn var afar ánægjulegt í alla staði. Þá eru sérstakar þakkir til ritstjóra ráðherra-bókarinnar, Ólafs Teits Guðnasonar, og ritnefndarinnar, Björns Björnssonar, hönnuðar, Halls Halls-sonar, fjölmiðlamanns og nefndar um ritgerðasamkeppni. Öllum öðrum sem að málum komu, og er hér sérstaklega nefnt starfsfólk forsætisráðuneytisins, Þjóðmenningarhússins, sendiráðsins í Kaupmannahöfn, ræðismannsskrifstofunnar í Winnipeg eru fluttar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf.

Síðast en ekki síst vill undirritaður flytja Davíð Oddssyni, fyrrverandi forsætisráðherra, bestu þakkir fyrir hans góðu tillögur, áhuga á verkefninu og þeirri sögu sem þar liggur að baki.

Reykjavík, 12. október 2004







